

**SKOÐUN** Pawel spyr hvort það sé markmið í sjálfu sér að gera sem flesta að opinberum starfsmönnum. 19



**MENNING** Hera Hilmarsdóttir kynnti sér vændi á Íslandi fyrir hlutverk sitt í Vonarstræti. 26



**SPORT** Guðjón Valur Sigurðsson og Arnór Atlason fara með íslenska handboltalandsliðinu á EM. 34


RISAÚTSALA
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
MEIRA EN 1000
VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
Sjá úrvalið á ht.is
Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
10. janúar 2014
8. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



### Trúði því að hún myndi bjarga heiminum

Inga Dóra Pétursdóttir sinnir starfi framkvæmdastýru landsnefndar UN Women. Hún hefur komið víða við þrátt fyrir ungan aldur og hefur ómældan áhuga á hlutskipti fólks í þróunarlöndum.

**FRÉTTIR**

### Sorpið á köldum klaka

Sorp hefur ekki verið sótt frá því um áramót í sum hús í Fossvoginum vegna hálku. 2

**Ungbarnapláss eftirsótt** Ungbarnaleikskólar í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum anna ekki eftirspurn. 4

**Vantar kosti** Forstjóri Kauphallarinnar telur óheppilegt að stærstu fyrirtæki landsins séu enn utan markaðarins. 12




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | | ANA 10 |
| Akureyri | 2° | | ASA 5 |
| Egilsstaðir | 2° | | ASA 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | | ASA 11 |
| Reykjavík | 4° | | ASA 10 |

**Stormur** með S-ströndinni fram eftir degi, annars strekkingur eða hvassviðri. Rigning eða slydda, fyrst sunnan- og austanlands og síðdegis norðan til. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Urðun á Miðnesheiði mengar grunnvatnið

Mengandi efni leka enn frá gömlum urðunarstöðum á Miðnesheiði og menga grunnvatn. Mengunina má helst rekja til veru Bandaríkjahers á Íslandi.

**UMHVERFISMÁL** Þungmálmar og önnur mengandi efni berast enn frá gömlum urðunarstöðum á Miðnesheiði og menga grunnvatn á stóru svæði. Svæðið fellur í hættuflokk í nýrri greiningu Umhverfisstofnunar þessa.

Allt frá árinu 1985 hefur verið kunnugt um grunnvatnsmengun á Miðnesheiði (Rosmhvalanesi). Hins vegar sýna rannsóknir og eftirlit að enn vætla mengandi efni úr því sem þar var urðað um áratuga skeið. Þetta kemur fram í Stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands, sem Umhverfisstofnun birti í gær.

Jóhanna Björk Weisshappel, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að Rosmhvalanes hafi nokkra sérstöðu hér á landi enda sé grunnvatn þar flokkað í hættu.

„Hvað varðar þetta svæði þá eru helstu mengunaruppsprettur úrgangur sem urðaður var áður en reglur voru hertar. Það eru gamlir urðunarstaðir sem við höfum mestar áhyggjur af í dag, vegna þeirra efna sem losna smátt og smátt úr þeim í grunnvatnið.“

Ásmundur E. Þorkelsson, sérfræðingur hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, segir að grunnvatnsmengunin hafi ekkert með neysluvatnið á Reykjanesi að gera en vegna mengunar á Miðnesheiði voru vatnsból Reykjanesbæjar flutt og þjóna í dag sveitarfélögunum á svæðinu.

- shá / sjá síðu 8

### Gamlir syndaselir menga enn

Á Stafnesi var frá 9. áratugnum fram til 2005 urðuð aska úr brennsluofni gömlu sorpeyðingarstöðvarinnar við Hafnarveg, asbest og ýmis óbrennanlegur úrgangur frá herstöðinni, verktökum og sveitarfélögum. Gamli urðunarstaður varnarliðsins við Ásbrú var notaður fyrir sorp frá herstöðinni og verktökum frá seinni heimstyrjöld til ársins 1983.



**HEIMSÓKN Á BARNASPÍTALANN** „Þetta var miklu betra en ég bjóst við,“ sagði Davíð Thor-Björnsson eftir að fimm félagar í íslenska landsliðinu í handbolta litu inn á Barnaspítala Hringsins í gær. Guðjón Valur Sigurðsson heilsaði upp á Davíð og færði honum áritað handboltadót. Íslenska landsliðið er á leið til Danmerkur og það mætir Norðmönnum í fyrsta leik Evrópumótsins í Álaborg á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Dæmi eru um að íslenskir krabbameinssjúklingar neyti kannabisefna:

# Reykja marijúana gegn ógleði

**HEILBRIGÐISMÁL** Einhverjir íslenskir krabbameinssjúklingar hafa notað kannabislyf sem stuðningslyf, og einum sjúklingi hefur verið hjálpað við að verða sér úti um löglegt lyf sem inniheldur kannabis.

Lögleiðing kannabisefna í Colorado-fylki í Bandaríkjunum hefur vakið mikla athygli að undanförnu, en marijúana hefur verið notað lengi sem stuðningslyf af sjúku fólki. Þá er það notað gegn sársauka, ógleði og uppköstum og einnig til að auka matarlyst.

„Kannabisefni koma stundum við sögu og í einu mjög sérstöku tilfelli, að vel ígrunduðu máli og þegar hefðbundin úrræði virkuðu ekki, höfum við hjálpað einstaklingi við að verða sér úti um löglegt lyf sem inniheldur kannabis og er ekki markaðssett hér á landi,“ segir Þórunn K. Guðmundsdóttir, klínískur lyfjafræðingur hjá Landspítalanum.



Þá hafa krabbameinssjúklingar spurt fagaðila hvort þeir þurfi að fara á svarta markaðinn til að verða sér úti um kannabisefni og brjóta með því lög.

Gunnar Bjarni Ragnarsson krabbameinslæknir segist ekki vera hrifinn af notkun marijúana sem stuðningslyfs fyrir krabbameinssjúklinga. „Það er mikið talað um að nota marijúana í lækningaskyni, en þetta læknar ekki eitt né neitt og er því rangnefni.“

- skó

**visir.is**

Nánar verður fjallað um kannabisnotkun íslenskra krabbameinssjúklinga á Vísi í dag.



**SKILJA** Ágreiningur foreldra sem skilja hefur bein áhrif á börn þeirra segir Sigrún Júlíusdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Áhrif skilnaða á líf barna:

# Samvinna hefur góð áhrif

**FJÖLSKYLDAN** „Þótt foreldrar skilji sem par þá geta þeir ekki skilið sem foreldrar. Því ber foreldrum að haga málum sínum þannig að það sé til hagsbóta fyrir barnið og setja þarfir þess fram fyrir sínar eigin,“ segir doktor Sigrún Júlíusdóttir.

Því betri samvinna foreldra við skilnað, því meiri sátt og vellíðan fyrir barnið. Því meiri ágreiningur milli foreldra, því neikvæðari áhrif á barnið og kynslóðatengslin. Þetta er ein af meginniðurstöðum rannsóknar Sigrúnar og Sólveigar Sigurðardóttur um áhrif skilnaða á lífsgæði barna.

- ebg / sjá síðu 16

Öll aðföng hafa hækkað:

# Krónan hefur ekki styrkst nógu mikið

**NEYTENDUR** Nokkur fyrirtæki hafa ákveðið að draga til baka boðaðar verðhækkanir á vörum sínum. Hagkaup hefur boðað verðlækkun á 1.500 vörutegundum sem höfðu að óbreyttu hækkað um 2,5 prósent. N1 hefur ákveðið að hætta við sjö prósenta hækkun á smurþjónustu og fleiri fyrirtæki hafa boðað að hætt verði við að hækka verð á vöru og þjónustu.

Önnur telja hins vegar að þau verði að hækka verð. „Krónan hefur ekki styrkst í líkingu við aðfangahækkanir,“ segir Árni Stefánsson, forstjóri Vífilfells. Hann nefnir sem dæmi að kakóduft hafi hækkað um tugi prósenta og fleiri aðföng hafa hækkað í verði.

- ibs / sjá síðu 10







## SPURNING DAGSINS



Ylfa, er þetta súrt?

**„Þetta er eins og bíta í dragsúrar, gamlar og staðnar hreðjar.“**

Þorrablót Bolvíkinga er aðeins opið hjónum og sambúðarfólki þar sem kona getur boðið manni sínum á blótið. Einhleypir fá ekki aðgang. Ylfa Mist Helgadóttir segist sniðganga blótið vegna þessarar hefðar.

Reykjavíkurborg afnemur reglu frá 2011 eftir gagnrýni umboðsmanns:

# Verndarmenn fá fjárhagsaðstoð

**FÉLAGSMÁL** Ákvæði í reglum Reykjavíkurborgar um að fangar í afplánun eigi ekki rétt á fjárhagsaðstoð verður afnumin.

Umboðsmaður borgarbúa tók til skoðunar umrætt ákvæði sem komið var á í september 2009 „til að skýra stöðu þeirra umsækjenda um fjárhagsaðstoð sem afplána refsidóma,“ eins og segir í greinargerð velferðarsviðs. Greinargerðin fylgdi tillögu, sem borgarráð samþykkti í gær, um að fella regluna út.

Fram kom að flestar umsóknir frá föngum um fjárhagsaðstoð komi frá þeim sem dvelja á áfangaheimilinu Vernd. Velferðarsvið borgarinnar segir að Fangelsismálastofnun beri ábyrgð á að þeir fangar eins og aðrir hafi fæði, húsnæði og aðrar nauðsynjar. Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála komst hins vegar að þeirri niðurstöðu í máli manns sem dvaldi á Vernd að ákvæðið sem útilokaði fanga í afplánun frá fjárhagsstoð stæðist ekki grundvallarreglur um jafnræði borgaranna og rétt til félagslegrar aðstoðar. - gar



**VERND** Borgin áleit fanga á Vernd á ábyrgð ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þúsundir flýja í búðir:

# Enn eykst ófriður í Suður-Súdan

**SUÐUR-SÚDAN** Þúsundir flúðu borgina Bentiu í Suður-Súdan þegar her landsins hóf árás gegn uppreisnarmönnum. Árásin eykur enn á óstöðugleikann sem ríkt hefur í landinu síðasta mánuðinn.

Þúsundir flúðu í flóttamannabúðir Sameinuðu þjóðanna, og enn fleiri földu sig á nærliggjandi svæðum. Friðarviðræður sem fram fara í nágrannaríkinu Eþíópíu hafa engan árangur borið. Um 200.000 manns er nú á flótta innan landsins. - eb



**ÓLÆTI** Læknar segja lögreglu hafa beitt sér gegn þeim í ólátunum í Tyrklandi síðasta sumar. NORDICPHOTOS/AFP

Ný hlið á deilum í Tyrklandi:

# Læknar segjast vera ofsóttir

**TYRKLAND, AP** Læknar og sjúkraliðar sem önnuðust særða mótmælendur eftir átök við tyrknesku lögregluna og öryggissveitir í sumar, máttu þola ofsóknir og ofbeldi af hendi lögreglu.

Viðmælendur AP-fréttastofunnar úr þessum hópi sögðu lögreglu meðal annars hafa skotið á þá táragasi, neitað að kalla á sjúkrabíl og beitt þvingunum til að fá nöfn á mótmælendum upp úr læknunum. - þj

Býður sig fram þriðja sæti:

# Skúli Helgason býður sig fram

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Skúli Helgason, fyrrum þingmaður Samfylkingarinnar, býður sig fram til þriðja sætis í flokksvali Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningar í vor. Þetta kemur fram í Fréttatímanum.



**SKÚLI HELGASON**

Skúli starfar sem verkefnastjóri fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Skúli leggur áherslu á menntamál og græn atvinnumál og vill tryggja jöfn tækifæri barna í öllum hverfum borgarinnar. -eb

Rannsókn á umferðaröryggi:

# Karlar sofna undir stýri

**BRETLAND** Nærri helmingur breskra karla hefur sofnað undir stýri, samkvæmt breskri rannsókn á umferðaröryggi þar í landi.

Af þúsund ökumönnum sem tóku þátt í rannsókninni sögðust 45 prósent karla hafa sofnað undir stýri í stutta stund og 22 prósent kvenna.

Spurt var um svefn sem varir í fimm til tíu sekúndur þegar heilinn sofnar án vilja eða vitundar ökumannsins, yfirleitt vegna mikillar þreytu.

Ungum ökumönnum er hættara við að sofna, þar sem ungt fólk þarf almennt á meiri svefni að halda. Talið er að nærri 20 prósent umferðarslysa á Bretlandi verði vegna þess að ökumaður sofnar undir stýri. - eb

SÍ segir upp samningi:

# Sjúkraþjálfarar mótmæla

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkraþjálfarar mótmæla því harðlega að Sjúkratryggingar Íslands hafi með tölvupósti sagt einhliða upp samningi til félagsmanna sem felur í sér heimild til bráðameðferða.

Í gildi hafi verið samningur milli Sjúkratrygginga og sjúkraþjálfara frá 1. febrúar 2012 þar sem heimild er fyrir allt að tíu bráðameðferðum.

Sjúkraþjálfarar telja að ekki sé heimilt að segja upp einu ákvæði samningsins einhliða og líta því svo á að búið sé að segja samningnum í heild upp. Sjúkraþjálfarar skora á ráðherra að beita sér í málinu - jme

**EFNAHAGSMÁL**

### Húsaleigubætur hækka

Samkvæmt tilkynningu frá velferðarráðuneytinu hækkuðu húsaleigubætur um 4,2 prósent um áramót. Það er í samræmi við hækkun neysluverðsvísitölu.



**FLUGHÁLKA** Sorphirðumenn treystu sér meðal annars ekki til þess að fara upp þessa brekku í Kúrlandi til að sækja sorptunnur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sorphirða í Fossvogi stöðvuð vegna hálku

Heimilissorp hefur ekki verið sótt frá því fyrir áramót í sumum húsum í Fossvogi. Hálkan hamlar sorphirðufólki segir fulltrúi Reykjavíkurborgar. Íbúum boðið upp á sérstaka ferð til að sækja sorpið gegn greiðslu eða setja umframsorp við tunnuna.

**REYKJAVÍK** Ekki hefur verið sótt heimilissorp í sum húsin í Fossvoginum í Reykjavík síðan fyrir áramót. Borgaryfirvöld segja ástæðuna þá að hálka á götum hafi hamlað sorphirðufólki og því hafi sorpið ekki verið sótt þar að þessu sinni.

Íbúi í hverfinu, sem ekki vildi koma fram undir nafni, lýsti yfir óánægju með þjónustuna. Hann hafi haldið að sorphirða hefði tafist vegna hátíðanna, en þegar hann hafði samband við borgina var honum tjáð að hann þyrfti að bíða fram að næsta sorphirðudegi, eða panta sérferð til að láta sækja sorpið, sem myndi kosta á fjórða þúsund króna.

Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar hjá Reykjavíkurborg, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að sorphirðumenn hafi þurft frá að hverfa vegna hálku á stöku stað í borginni.

„Við höfum boðið fólki, ef þetta gerist, að setja umframsorp við tunnuna sem verður þá tekið með næst.“

Meðal umkvörtunarefna er að ekki hafi verið látið vita að sorphirðufólk hafi þurft frá að hverfa. Eygerður segir hins vegar lítið við því að gera.

„Það er erfitt að segja fyrirfram hvort hægt sé að sækja tunnur í ákveðnum götum fyrr en komið er á staðinn,“ segir Eygerður og bendir á að sorphirðudagatal megi nálgast á slóðinni pappirerekkirusl.is og íbúar geti gert ráðstafanir eftir því.

„Það verður líka að horfa til vinnuaðstæðna okkar starfsfólks og það að draga tunnur upp glerhálar brekkur er vafasamt frá öryggissjónarmiði og oft ómögulegt að komast um.“

thorgils@frettabladid.is






Brugghúsi berast hótanir vegna bjórs sem bruggaður er úr hvalabeinum:

# Bruggari blæs á hótanirnar

**VERSLUN** Framleiðsla Brugghússins Steðja á nýjum Hvalabjór hefur hleypt illu blóði í hvalaverndunarsinna. Forstjóri Steðja, Dagbjartur Arilíusson, segist hafa fengið hótanir eftir að tilkynnt var um framleiðslu bjórsins.

Hvalamjöl er notað í bjórinn en í mjölinu eru meðal annars þurrkuð hvalabein. „Þetta hefur farið eins og eldur í sinu á netinu og við höfum orðið vör við það. Ég hef fengið ýmsa pósta, bæði jákvæða og neikvæða hvaðanæva úr heiminum,“ segir Dagbjartur og viðurkennir að hann hafi fengið hótanir.

„Það hafa borist hótanir bæði í gær og í morgun. Ég mun ekki taka þessar hótanir alvarlega að svo stöddu. Við búum á Íslandi og erum vel sett uppi í sveit. Við teljum okkur vera nokkuð einangruð.“

Dagbjartur telur sig hafa fengið allt að 15 hótanir og eru þær af misjöfnum toga. Nokkrir hafa hótað Dagbjarti líkamsmeiðingum og einn hótar að breyta bruggstjóranum í bjór. Bjórinn verður til sölu í verslunum ÁTVR á þorra, frá 24. janúar til 22. febrúar.

Ekki eru allir hrifnir af þessari nýjung. „Þetta er engan veginn til framdráttar fyrir landið okkar að kynna þessa afurð úr hvölum sem er almennt í mikilli ósátt við okkar helstu viðskiptalönd,“ segir Ásbjörn Björgvinsson, formaður Ferðamálasamtaka Íslands.

„Við höfum ekki fundið fyrir öðru en að hvalveiðar og svona hvalaafurðir séu ekkert að hjálpa okkur. Þessi framleiðsla mun gera Íslandi meira ógagn en gagn. Þarna er farið af stað með einhvern brandara en ég á eftir að sjá hversu margir munu drekka þennan bjór.“ - jjk




**HVALABJÓR** Formaður Ferðamálasamtaka Íslands er ekki hrifinn af því að brugga úr hvalaafurðum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN JÚLÍUS




**Verið hjartanlega velkomin.** Geysir Skólavörðustíg, opið 10-19. Geysir Akureyri, opið 11-18. www.geysir.com Sími 519 6000.

## SVONA ERUM VIÐ



**95,5** **prósent 16 ára ungmenna sóttu skóla haustið 2012.**

**Það er aukning um 0,3 prósentustig frá árinu á undan.**

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Áhrif kreppunnar á umferð fara minnkandi á landsbyggðinni og í borginni:

# Bílaumferð eykst frá fyrra ári

**SAMGÖNGUR** Bílaumferð í Reykjavík jókst um 2,7 prósent á síðasta ári miðað við árið á undan. Vegagerðin telur umferð bíla á þremur stöðum í borginni. Samkvæmt tölum hennar hefur umferð aukist í borginni tvö ár í röð eftir samdrátt árin þar á undan. Umferð í borginni var svipuð á síðasta ári og hún var árið 2009.

Umferð á hringveginum hefur einnig aukist. Vegagerðin er með sextán talningarstaði á landsbyggðinni. Þegar árið er skoðað í heild kemur í ljós að umferðin jókst um 3,6 prósent á síðasta ári miðað við árið á undan. Þetta er mesta aukning sem mælst hefur frá 2007. Álíka mikil umferð er nú á hringveginum og hún var 2006. Umferð á höfuðborgarsvæðinu eykst hraðar og fyrr en á hringveginum.

Vegagerðin segir að ef marka megi talningar hennar komi í ljós að áhrif kreppunnar á akstur innan höfuðborgarsvæðisins virðist vera mun minni en úti á landi. - jme



**MEIRI UMFERÐ** Samkvæmt umferðartalningu Vegagerðarinnar er bílaumferð farin að aukast eftir mikinn samdrátt í kjölfar kreppunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Bætur vegna framkvæmda:

# Bærinn áfrýjar til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Bæjarráð Garðabæjar hefur ákveðið að áfrýja til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjaness um að bæjarfélagið eigi að greiða eiganda húss í Silfurtúni 35,5 milljónir í bætur vegna tjóns af framkvæmdum í götunni.

Húseigandinn sagði framkvæmdir við lagningu safnræsis og endurnýjun götunnar í Silfurtúni hafa valdið tjóni á húsinu og að bærinn bæri ábyrgð á því tjóni. - gar



**SKÓGRÆKT** Nægur efniviður er í norðlenskum skógum.

Viðarkyndistöð í Grímsey:

# Íslenskur viður til kyndingar

**SKÓGRÆKT** Hagkvæmt gæti reynst að koma upp viðarhitaveitu með íslenskum trjáviði í Grímsey samkvæmt nýrri skýrslu Skógræktar ríkisins. Þetta kemur fram í Vikudegi.

Í skýrslunni segir að nægur efniviður sé í norðlenskum skógum. Þá megi spara gjaldeyri með því að nýta innlendan orkugjafa, draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og jafnvel lækka orkukostnað íbúa í eynni. - eb

Úttekt á séreignarsparnaði:

# Hægt að taka út níu milljónir

**FJÁRMÁL** Hægt verður að óska eftir úttekt á uppsöfnuðum séreignarsparnaði á þessu ári líkt og verið hefur síðustu ár.

Hámarksúttekt er níu milljónir króna og er upphæðin borguð út á 15 mánuðum með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Sé úttekt lægri en níu milljónir króna styttist útgreiðslutími hlutfallslega.

Fyrir þá einstaklinga sem sækja um níu milljóna króna úttekt nú og hafa ekki nýtt heimildina áður, nemur mánaðarleg útgreiðsla að frádreginni staðgreiðslu samtals 360 þúsund krónum. - jme

# Mikil aðsókn í ungbarnapláss

Ungbarnaleikskólar anna ekki eftirspurn. Hátt í 600 umsóknir bárust þremur leikskólum í Reykjavík. Skólar í Garðabæ og Hafnarfirði finna einnig fyrir mikilli aðsókn. Stjórnendur segja hæft starfsfólk skipta mestu máli.

**MENNTAMÁL** Hátt í sex hundruð umsóknir um dagvistunarpláss á þremur ungbarnaleikskólum í Reykjavík bárust á síðasta ári. Pláss á ungbarnaleikskólum eru afar eftirsótt og sýna kannanir að meirihluti foreldra kýs leikskóla fram yfir þjónustu dagforeldra. Stjórnendur ungbarnaleikskóla eru sammála um að þörfin sé mikil, en að huga þurfi vel að umgjörð leikskólanna vegna ungs aldurs barnanna.

„Við fáum hátt í þrjú hundruð umsóknir á ári frá börnum í Reykjavík. Þar fyrir utan fáum við líka umsóknir frá foreldrum í öðrum sveitarfélögum, sem við höfnum strax þar sem við erum eingöngu með þjónustusamning við Reykjavíkurborg,“ segir Berglind Grétarsdóttir, leikskólastjóri á ungbarnaleikskólanum Ársól.

Á leikskólanum Lundi sóttu um tvö hundruð manns um pláss á síðasta ári. „Á hverjum degi sem opið er kemur að minnsta kosti ein fjölskylda að skoða hjá okkur,“ segir Valgerður Valgeirsdóttir leikskólastýra. Á Korpukoti í Grafarvogi sóttu 65 um 40 pláss á síðasta ári.

Í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur eru reknir þrír ungbarnaleikskólar, einn í Hafnarfirði og tveir í Garðabæ þar sem nýjasti skólinn tók inn fyrstu tólf börnin síðastliðið haust.

„Það er mikil aðsókn, miklu meiri en við getum sinnt,“ segir Helga Kristjánsdóttir, leikskólastjóri Sunnuhvols í Garðabæ sem nýverið var breytt í ungbarnaleikskóla. „Samt sem áður þykjum við vera í góðum málum hér í Garðabæ þar sem flest börn komast inn á leikskóla 18 mánaða,“ segir hún.

Í Reykjavík fá börn jafnan ekki leikskólapláss fyrr en um tveggja ára aldur. Í könnun á vegum skóla- og frístundasviðs borgarinnar kom fram að helmingur foreldra kýs leikskóla fremur en dagforeldra eftir 12 mánaða aldur. Nær allir foreldrar kjósa leikskóla eftir 18 mánaða aldur.

„Foreldrar vilja ungbarnaleikskóla. Þar er faglegt starf og fleira starfsfólk. Foreldrar þurfa því ekki að taka frí frá vinnu ef upp koma veikindi,“ segir Berglind.

Hún segir margt til í þeirri gagnrýni sem komið hefur fram að ung börn þurfi á samfelldri umönnun fárra aðila sem þau tengjast tilfinningaböndum að halda. „Það hefur tekið sinn tíma að byggja upp góðan starfsmannahóp með fagfólki, en það er mjög mikilvægt að fá nógu hæft fólk í þessi störf,“ segir Berglind.

Svava Björg Mörk, leikskólastjóri Bjarma í Hafnarfirði, tekur í sama streng. „Hæfasta fólkið með bestu menntunina ætti að veljast í ungbarnaleikskólana,“ segir hún. Svava segir skorta sýn í íslensku samfélagi á mikilvægi fyrstu ára barnsins. „Fyrstu þrjú ár barnsins skipta mestu máli og þess vegna er skrítið að svo fátt taki við að fæðingarorlofi loknu,“ segir hún. eva@frettabladid.is



**LEIKSKÓLAR** Fjölmargir foreldrar sækja í ungbarnapláss eftir fæðingarorlof og er aðsóknin margfalt meiri en leikskólarnir geta sinnt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mikill fjöldi umsókna í Reykjavík

- **600** umsóknir bárust þremur ungbarnaleikskólum í Reykjavík í fyrra.
- **133** pláss voru í boði fyrir Reykvíkinga.
- **62** pláss voru að auki í boði í Garðabæ og Hafnarfirði.



**Foreldrar vilja ungbarnaleikskóla. Þar er faglegt starf og fleira starfsfólk. Foreldrar þurfa því ekki að taka frí frá vinnu ef upp koma veikindi.**
*Berglind Grétarsdóttir, leikskólastjóri Ársólar*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**FLUGHÁLKA** verður á landinu í dag en klakabunkarnir ættu að minnka nokkuð því talsvert rignir, sérstaklega sunnan og austan til þegar á daginn líður. Til morguns frystir svo aftur en á sunnudag hlánar á ný sunnanlands með hvassviðri.




**Á morgun**
Fremur hægur vindur víða um land.




**Sunnudagur**
Hvasst S-lands síðdegis en hægari vindur norðan til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Berlín | 9° | Friedrichshafen | 8° | Las Palmas | 20° | New York | 6° | París | 8° |
| Aþena | 16° | Billund | 5° | Gautaborg | 6° | London | 10° | Orlando | 26° | San Francisco | 14° |
| Basel | 11° | Frankfurt | 9° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 18° | Ósló | 1° | Stokkhólmur | 3° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# ÚTSALA

# 40% TIL 70%

## AFSLÁTTUR

af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilisvöru

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar eru einhleypir ekki velkomnir á þorrablót?
**2.** Hvað reykja margir jarðarbúar daglega?
**3.** Hvaða íslenska stuttmynd komst inn á bandarísku kvikmyndahátíðina Slamdance?

**SVÖR.**

**1.** Í Bolungarvík. **2.** Nærri milljarður. **3.** Milk and Blood

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps lækkar útsvarsprósentuna:

# Jöfnunarsjóður skattpínir fólk

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Við fáum ekkert úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Sjóðurinn hefur mjög sérstakt skattpíningarákvæði í úthlutunarreglum sínum. Ef útsvarsprósentan er ekki nýtt að fullu fæst ekkert úr sjóðnum,“ segir Gunnar Þorgeirsson, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórnin ákvað undir lok síðasta árs að lækka útsvar úr hámarksútsvari 14,44 prósentum í 12,44 prósent sem er lágmarksútsvar.

Gunnar segir að með þessu hafi sveitarstjórnin viljað koma til móts við íbúana og minnka álögur á þá. Það hafi einnig haft áhrif að sveitarfélagið hafi ekki fengið neinar greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og því sé óþarfi að vera með útsvarið í hámarki. Enginn hvati sé hjá sveitarstjórnarmönnum að lækka útsvarið meðan staðan sé svona.

Hann segir stöðu sveitarsjóðsins góða þrátt fyrir að skuldahlutfallið sé nálægt 150 prósentum. - jme



**LÆGRA ÚTSVAR** Íbúar í Grímsnes- og Grafningshreppi þurfa að borga lægra útsvar á þessu ári en því síðasta. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Merkingar á uppruna vara:

# Þarf að stöðva blekkingarnar

**LANDBÚNAÐUR** Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra segir nauðsynlegt að stöðva þær blekkingar sem hafa tíðkast varðandi upprunamerkingar á landbúnaðarvörum í verslunum.

Innleiða á reglugerð Evrópusambandsins um upprunamerkingar í lok árs. Sindri Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir að flýta ætti gildistöku þessara laga, enda hafi íslenskir neytendur verið beittir blekkingum. - hh

# Hvorki sáttir við Malíki né al-Kaída

Al-Kaída samtökin hafa snúið aftur í heimsfréttirnar með vopnaðri baráttu sinni gegn stjórnvöldum í Írak og Sýrlandi. Heita því að berjast áfram af fullum krafti. Í báðum löndunum hafa aðrir uppreisnarhópar tekið höndum saman við stjórnvöld við að hrekja al-Kaída burt.

**ÍRAK** Aðdraganda átakanna í Anbar-héraði undanfarna daga má rekja til þess að Núrí al Malíki forsætisráðherra ákvað að ráðast til atlögu gegn mótmælendabúðum súnní-múslima í borginni Ramadí undir lok síðasta árs.

Aðgerðirnar vöktu hörð viðbrögð meðal súnní-múslima almennt í Anbar-héraði, og svo fór að Malíki ákvað að draga herlið sitt frá borgum héraðsins í von um að friður kæmist á.

Herinn var ekki fyrr farinn en herskáir íslamistar gerðu sig heimakomna í borgunum, náðu Fallúdja og hluta Ramadí á sitt vald og bjuggu sig undir stórfelld átök við stjórnarher Malíkis.

Íslamistarnir eru liðsmenn í samtökum, sem nefnast upp á arabísku Daísj, en það er skammstöfun fyrir „Íslamskt ríki í Írak og Austurlöndum nær“. Samtökin segjast vera í nánum tengslum við al-Kaída og hafa látið mjög til sín taka í borgarastyrjöldinni í Sýrlandi, þar sem þau hafa barist gegn stjórn Bashars al Assads forseta ásamt ýmsum öðrum uppreisnarhópum þar í landi.

Fleiri hópar tengdir al-Kaída hafa látið til sín taka í Sýrlandi, en mætt þar tortryggni af hálfu annarra uppreisnarmanna rétt eins og Daísj. Nú er svo komið að innbyrðis átök uppreisnarhópa, þar sem al-Kaída-liðar berjast við aðra uppreisnarmenn, eru farin að kosta mannslíf í stórum stíl.

Það sama hefur svo gerst í Írak, þar sem andstæðingar Malíkis úr röðum súnní-múslima hafa tekið höndum saman við stjórnarherinn við að hrekja al-Kaída-liða burt frá Fallúdja og Ramadí.

Forysta Daísj heitir því að berjast áfram af fullum krafti, bæði í Sýrlandi og Írak, en það eitt að aðrir stjórnarandstæðingar í báðum þessum löndum veiti þeim mótspyrnu bendir til þess að ítök þessara herskáu íslamista séu ekki jafn mikil og áður.

Stjórn Malíkis stendur hins vegar frammi fyrir því að andstaðan við hana er engan veginn bundin við herskáa íslamista heldur er hún býsna víðtæk meðal súnní-múslima í Anbar-héraði.

Íbúar héraðsins hafa fyrir löngu fengið nóg af stjórn Malíkis, sem er sjía-múslimi og hefur á síðustu árum markvisst dregið úr áhrifum súnní-múslima í landinu.

gudsteinn@frettabladid.is



**AL KAÍDA Í FALLÚDJA** Þótt stjórnarhernum og uppreisnarmönnum takist að vinna bug á al-Kaída í borginni eru sættir engan veginn í sjónmáli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## ➜ Þrír öflugir þjóðernishópar takast á um völdin

**Súnní-múslimar**
Súnní-múslimar eru í minnihluta í Írak, rétt tæplega þriðjungur landsmanna. Þeir voru engu að síður ráðandi hópur í samfélaginu á valdatíma Saddams Hussein, enda kom hann sjálfur úr röðum súnnía. Eftir fall Saddams var framan af reynt að gæta þess að þeir hefðu áhrif á stjórn landsins, þótt sjíar væru orðnir ráðandi afl í krafti meirihlutavalds síns. Undanfarin ár hafa áhrif þeirra minnkað snarlega og jafnframt hefur óánægja þeirra með ríkisstjórn Núrís al Malíkis vaxið. Flestir búa súnníarnir í Anbar-héraði, sem er í vesturhluta landsins, og neita margir íbúar héraðsins að lúta stjórn al Malíkis.

**Sjía-múslimar**
Tveir af hverjum þremur íbúum landsins, eða ríflega það, eru sjía-múslimar. Á tímum Saddams Hussein höfðu þeir lítil áhrif og máttu einatt sæta ofríki og kúgun af hálfu stjórnvalda. Þetta snerist við eftir fall Saddams. Sjía-múslimar komust til áhrifa í kosningum og hafa að auki notið öflugs stuðnings frá nágrannaríkinu Íran, en þar eru flestir íbúarnir sjíar. Núrí al Malíki forsætisráðherra er sjía-múslimi og hann hefur í vaxandi mæli þrengt að súnní-múslimum.

**Kúrdar**
Kúrdar búa í norðurhluta Íraks, eru 15 til 20 prósent íbúanna, flestir súnní-múslimar en þeir eru ekki arabar og í reynd allt önnur þjóð en aðrir íbúar landsins. Kúrdar hafa lengi viljað stofna sjálfstætt ríki, sem næði yfir nyrsta hluta Íraks, austasta hluta Tyrklands og helst vestasta hluta Írans einnig. Eftir fall Saddams hafa þeir í reynd haft mikið og vaxandi sjálfræði í eigin málum.

**Al-Kaída**
Al-Kaída eru laustengd samtök herskárra íslamista, sem upphaflega urðu til í kringum Osama bin Laden með það markmið að hrekja Vesturlandabúa, einkum þó Bandaríkjamenn, frá löndum arabaheimsins, efla veg íslamskrar trúar í arabaheiminum og sameina á endanum arabalöndin í eitt íslamskt ríki. Óljóst er hvað þarf til að tilheyra al-Kaída, en bæði einstaklingar og ýmis samtök hafa framið hryðjuverk víða um heim í nafni samtakanna og tekið virkan þátt í baráttu uppreisnarmanna í norðanverðri Afríku, Mið-Austurlöndum og Mið-Asíu.

Skrifstofa Sameinaða lífeyrissjóðsins verður lokuð milli kl. 10 og 14 í dag, föstudaginn 10. janúar, vegna jarðarfarar

Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Nefnd Evrópuþingsins styggir bandaríska repúblikana og breska þingmenn :

# Vilja að Snowden beri vitni

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Evrópuþingið hefur boðið uppljóstraranum Edward Snowden að vitna um uppljóstranir sínar í tengslum við rannsókn þingnefndar á eftirlitsstarfsemi Bandaríkjanna. Vitnaleiðslan færi fram í gegnum fjarfundabúnað. Bandarískur þingmaður varar við afleiðingunum ef af verður.

Meirihluti nefndar Evrópuþingsins um borgaraleg réttindi studdi tillögu um að senda Snowden boð um að bera vitni fyrir nefndinni. Í drögum að niðurstöðu rannsóknar nefndarinnar kemur fram að eftirlitsaðgerðir Bandaríkjanna og Bretlands virðist vera ólöglegar og að aðgerðir þeirra hafi haft djúpstæð áhrif á traust milli ríkja, sem hingað til hafi litið á sig sem bandamenn.



**EDWARD SNOWDEN**

Ekki eru allir á eitt sáttir um ákvörðun nefndarinnar. Hópur íhaldsmanna á Evrópuþinginu hefur lýst sig andsnúinn ákvörðuninni, en flestir þingmanna hópsins eru frá Bretlandi. Þeirra á meðal er forsætisráðherra Bretlands, David Cameron.

Í Bandaríkjunum hefur repúblikaninn Mike Rogers, formaður nefndar bandaríska þingsins sem fjallar um eftirlitsstarfsemi ríkisins, varað Evrópuþingið við því að ákvörðunin geti skaðað samstarf Bandaríkjanna og Evrópusambandsins. Ekki liggur fyrir hvort Snowden þekkist boðið. - eb




**LAUGARDAGINN 11. JANÚAR, KL. 12–16.**

Við byrjum árið glæsilega með stórsýningu á nýjum Land Cruiser 150 hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota. Lyftu þér upp með því að skoða nýja og kröftuga útgáfu af hinum eina og sanna konungi íslenskra þjóðvega. Komdu og sjáðu hvernig landið liggur hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

**Verð frá 9.920.000 kr.**

40 %
GÆÐALÁN TOYOTA

**GÆÐALÁN TOYOTA Í SAMSTARFI VIÐ ERGO**

Fáðu **40%** af verði nýrrar Toyotu að láni **án vaxta** í allt að **þrjú ár**.

Við kynnum einnig nýjan Avensis Terra á sérstöku tilboðsverði.

**Verð frá 3.890.000 kr.**

Fæst einnig með spennandi aukahlutapakka.




5 5 ÁRA ÁBYRGÐ

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Toyota Kauptúni** | **Toyota Akureyri** | **Toyota Reykjanesbæ** | **Toyota Selfossi** |
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

*Bílarnir á myndinni kunna að vera búnir aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð. Aukahlutapakki er ekki innifalinn í tilboðsverði. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Takmarkaður fjöldi Avensis Terra á tilboðsverði. Gæðalán Toyota fæst ekki með Avensis Terra á tilboðsverði.






**FARNIR** Síðustu varnarliðsmennirnir yfirgáfu landið á haustdögum 2006. Mikil mengun hlaust af veru þeirra hér.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Menguð efni leka úr úrgangi varnarliðsins

Mengandi efni leka enn frá gömlum urðunarstöðum á Miðnesheiði og menga grunnvatn. Mengunina má að langstærstum hluta rekja til veru Bandaríkjahers á Íslandi. Svæðið er flokkað í hættu í nýrri skýrslu Umhverfisstofnunar.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Þungmálmar og önnur mengandi efni berast enn frá gömlum urðunarstöðum á Miðnesheiði og menga grunnvatn á stóru svæði. Svæðið fellur í hættuflokk í nýrri greiningu Umhverfisstofnunar vegna þessa.

**Lengi vitað**

Allt frá árinu 1985 hefur verið kunnugt um grunnvatnsmengun á Miðnesheiði (Rosmhvalanesi), en á þessum slóðum er berggrunnur úr grágrýti sem gleypir auðveldlega í sig vatn og aðra vökva. Hins vegar sýna rannsóknir og eftirlit að enn vætla mengandi efni úr því sem þar var urðað um áratuga skeið. Þetta kemur fram í Stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands, sem Umhverfisstofnun birti í gær.

Þar er meðal annars fjallað um tvö svæði; gömlu urðunarstaðina á Stafnesi, sunnan Sandgerðis, og við Smiðjutröð við Ásbrú en þar sýna efnamælingar að ýmsir þungmálmar og önnur mengandi efni frá þeim menga grunnvatn. Þessir staðir eru í dag sérstaklega vaktaðir af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja (HES).

Ásmundur E. Þorkelsson, sérfræðingur hjá HES, viðurkennir að spurningar vakni um neysluvatnið á svæðinu en segir aðspurður að grunnvatnsmengunin hafi ekkert með neysluvatnið á Reykjanesi að gera. „Allar okkar sýnatökur sanna að það er í glimrandi lagi,“ segir Ásmundur og bætir við að vegna mengunar á Miðnesheiði voru vatnsból Reykjanesbæjar flutt, og þjóna í dag sveitarfélögunum á svæðinu.

**Olía og afísing**

Í skýrslunni kemur fram að á sama tíma og vatnsbólið var flutt var olía hreinsuð úr grunnvatni, jarðvegur fjarlægður og skipt um afísingarefni á flugvellinum. Vorið 1990 sýndu mælingar talsverða nítratmengun í borholum við flugbrautina en sú mengun er rakin til afísingarefnisins. Hækkun á nítrati fannst í grunnvatni á öllu sunnanverðu Rosmhvalanesi, en þó ekki í Sandgerði eða í Garðinum.

## ROSMHVALANESIÐ FLOKKAÐ Í HÆTTU




Líklegt að efnamengun komist í grunnvatn frá gömlum urðunarstöðum og hugsanlega úr ösku sem geymd var óvarin á athafnasvæði við Hafnarveg. Ýmis mengunarefni hafa mælst í grunnvatni á Miðnesheiði sem rakin eru til ýmissar starfsemi.

Hugsanlegt að mengun berist í grunnvatn m.a. frá ofanvatni af vegum og athafnasvæðum og vegna lekra skólplagna. Gert er ráð fyrir að vatnsverndarsvæði séu austan við þetta vatnshlot.

## Urðunarstaðir – gamlir syndaselir

Á Stafnesi var frá 9. áratugnum fram til 2005 urðuð aska úr brennsluofni gömlu sorpeyðingarstöðvarinnar við Hafnarveg, asbest og ýmis óbrennanlegur úrgangur frá herstöðinni, verktökum og sveitarfélögum. Mælingar í grunnvatni neðan við urðunarstaðinn árin 2001, 2003 og nú síðast árið 2009 sýna meðal annars. styrk króms, kopars, mangans og nikkels yfir neysluvatnsmörkum, svo eitthvað sé nefnt. Árið 2009 var greint í mælingu að díoxín berst einnig frá urðunarstaðnum, en aðeins í litlum mæli.

Gamli urðunarstaður varnarliðsins við Ásbrú var notaður fyrir sorp frá herstöðinni og verktökum frá seinni heimsstyrjöld til ársins 1983. Mælingar árin 2007 og 2009 sýndu að grunnvatnsmengun hafði minnkað á svæðinu og virðist því vera að brotna niður og þynnast út. Engu að síður er í skýrslunni sleginn sá varnagli að ýmsir þungmálmar og forgangsefni gætu leynst í úrgangi sem þar var urðaður og getur smám saman losnað úr læðingi og komist í grunnvatn.

[Vatnshlot: Ákveðin afmörkuð og samfelld heild af vatni, í föstu eða fljótandi formi, t.d. í einu stöðuvatni, á eða læk, árósi o.s.frv.]

Jóhanna Björk Weisshappel, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að grunnvatnshlotið [sjá skilgreiningu á vatnshloti hér að ofan] Rosmhvalanes hafi nokkra sérstöðu. Þar sé grunnvatn flokkað í hættu.

„Hvað varðar Miðnesheiðina, sem og Rosmhvalanes, eru helstu mengunaruppsprettur mengaður úrgangur sem urðaður var áður en reglur voru hertar. Það eru gamlir urðunarstaðir sem við höfum mestar áhyggjur af í dag, vegna þeirra efna sem losna smátt og smátt úr þeim í grunnvatnið.“

Jóhanna segir að hreinsun hafi farið fram víða á svæðinu, en þó lítil á urðunarstöðum á Stafnesi og við Smiðjutröð svo vitað sé. „Þarna vitum við að efnaástand grunnvatnsins er ekki nógu gott og með því verður að fylgjast áfram. Jafnvel er mögulegt að fara þurfi í hreinsunaraðgerðir, en það vitum við ekki að svo stöddu. Um það snýst aðgerðaáætlunin sem verður unnin í framhaldinu í tengslum við stjórn vatnamála, að finna leiðir til að bæta ástand svæða eins og þarna.“




# Fjölbreytt lína af bætiefnum

**Nutra vítamínin eru framleidd samkvæmt ströngustu gæðastöðlum.**
**Þau fást nú á frábæru verði í verslunum Bónus og Hagkaups.**

nutra BÓNUS HAGKAUP

Dularfull morð í Pjatigorsk:

## Rússneska lögreglan ráðþrota

**RÚSSLAND, AP** Lögreglan í Rússlandi stendur ráðþrota frammi fyrir dularfullum morðum sem komið hafa upp í borginni Pjatigorsk, norðan við Kákasushéruðin, að undanförnu.

Alls hafa sex lík fundist í fjórum bílum. Hjá þremur fundust ósprungnar sprengjur. Undanfarnar vikur hafa fjölmargir farist í þessum hluta Rússlands í bylgju árása sem tengjast Vetrarólympíuleikunum sem hefjast í Sochi í næsta mánuði. - þj

Mosfellsbær í fyrsta sæti en Reykjavík hafnaði í tíunda sæti í þjónustukönnun Capacent Gallup:

# Borgarbúar eru kröfuharðari en aðrir

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Capacent Gallup kannaði nýlega hversu ánægðir íbúar 16 sveitarfélaga væru með þá þjónustu sem sveitarfélag þeirra veitir.

Það sveitarfélag sem kom best út var Mosfellsbær, því næst Akureyri, Seltjarnarnes og Garðabær. Reykjavík lenti í tíunda sæti. Óánægðastir voru íbúar Reykjanesbæjar. Könnunin var rædd í borgarráði í gær.

„Það á að taka könnunina alvarlega og þau skilaboð sem felast í henni,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, oddviti sjálfstæðismanna.

Hann segir að borgarbúar lýsi óánægju sinni með leik- og grunnskóla, þjónustu við eldri borgara, fatlaða og það sem stendur barnafjölskyldum til boða. „Reykjavíkurborg er að setja meira fé en önnur sveitarfélög í þessa málaflokka en það fé er ekki notað þannig að borgarbúum líki,“ segir Júlíus Vífill.

„Af einhverjum ástæðum höfum við mælst lægri en önnur sveitarfélög,“ segir Dagur B. Eggertsson, forseti borgarstjórnar. Dagur segir að borgin noti könnunina til að vega og meta hvað megi færa til betri vegar.

„Ég veit að borgarbúar eru kröfuharðir og mér finnst að þeir megi alveg vera það. Það er ef til vill tilhneiging í minni sveitarfélögum að halda með sínum bæ og gefa honum háa einkunn. Reykvíkingar segja aftur á móti hug sinn og það er mjög gott og hollt,“ segir Dagur. - jme, sáp



**STÓRT ÚRTAK** Í úrtaki Gallup voru rúmlega 10 þúsund manns eldri en 18 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






# Segjast ekki komast hjá verðhækkunum

ASÍ skoraði í gær á menn að sýna ábyrgð og hækka ekki verð. Fyrirtæki brugðust strax við og drógu verðhækkanir til baka. Sum boða verðlækkun. Nauðsynlegt að hækka verð vegna hækkunar á aðföngum, segja nokkrir forstjórar sem rætt var við.

**NEYTENDUR** Alþýðusamband Íslands, ASÍ, sendi í gær opinberum aðilum og forsvarsmönnum þeirra fyrirtækja sem boðað hafa gjaldskrár- og verðhækkanir áskorun um að draga þær til baka. „Við hvetjum menn til að sýna ábyrgð og standa með okkur,“ segir Henný Hinz, hagfræðingur hjá sambandinu.



**HENNÝ HINZ**

„Við vonum að það skili árangri. Við hvetjum líka almenning til að nota síðuna Vertu á verði og koma með ábendingar.“ Henný segir ASÍ einnig vilja greina frá því hverjir ætli að sýna ábyrgð og hækka ekki. „Við viljum líka veita þeim vettvang. Við vonum að þeir sem hafa boðað hækkanir velji að flytja sig yfir á þann lista.“

Boðaðar verðhækkanir nokkurra birgja sem Fréttablaðið hefur rætt við eru óhjákvæmilegar þótt íslenska krónan hafi styrkst að undanförnu.

„Krónan hefur ekki styrkst í líkingu við aðfangahækkanir,“ segir Árni Stefánsson, forstjóri Vífilfells. Fyrirtækið hækkar nú í janúar verð á Hámarki próteindrykk um fimm prósent. „Í þessum drykk er kakóduft, prótein og mjólk. Kakóduftið sem er innflutt hefur hækkað um tugi prósenta. Mjólkin hækkaði um 3,1 prósent í október. Auk þess hækkaði verð á umbúðum. Við erum að hækka verð á einni vöru af rúmlega 500 vörueiningum. Við ráðum ekki við hækkanir úti í heimi eða hjá MS. Við værum fyrstir til að hækka ekki ef aðföng hefðu ekki hækkað,“ segir Árni.



**ARI EDWALD**

Hann segir ekki hafa komið til tals að draga hækkunina til baka vegna umræðunnar í þjóðfélaginu.

Lýsi hefur hækkað verð á þorska- og ufsalýsi um sjö prósent. „Því miður komumst við ekki hjá því að hækka verðið. Verð á lifur hækkaði um 20 prósent á síðasta ári vegna mikillar samkeppni í niðursuðunni. Það myndast spenna á markaðnum sem lýtur lögmálum framboðs og eftirspurnar,“ segir Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis.



**KATRÍN PÉTURSDÓTTIR**

Hún segist vissulega átta sig á stöðunni í þjóðfélaginu. „Hún er ástæðan fyrir því að við göngum ekki lengra. Til þess að stemma stigu við verðbólguþróun er hækkunin ekki meiri.“

Verðhækkun á eggjum hjá Brúneggjum nemur 4,2 prósentum. „Hækkunin hefur ekkert með kjarasamningana sem undirritaðir voru í desember að gera. Við erum að bregðast við hækkunum á aðföngum á undanförnum misserum sem við urðum að koma út í verðlagið. Þetta er hófleg hækkun. Þótt gengið hafi verið hagstætt á undanförnum vikum eru sveiflur á því,“ segir Kristinn Gylfi Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Brúneggjum.

Verð á auglýsingum hjá Fréttablaðinu hækkaði um fjögur prósent í janúarbyrjun. „Einungis lítill hluti af okkar gjaldskrá er að hækka og þá ekki umfram verðlagsþróun, en það segir heldur ekki alla söguna. Afslættir eru breytilegir eftir umfangi viðskipta, fyrirkomulagi birtinga og öðrum þáttum. Við reynum líka að finna hagkvæmar leiðir með auglýsendum til að þeir fái sem mest út úr okkar þjónustu,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365.

Hann bendir á að almennt hafi fyrirtækið teflt fram á markaðinn meiri lækkunum en hækkunum með stöðvaframboði í hagstæðari pökkum en áður. Um boðaða 14 prósenta hækkun á áskrift að Stöð 2 Sport, úr 6.990 krónum í 7.990 krónur, segir Ari að hún gildi bara þegar keypt sé áskrift að stöðinni stakri. „Þessi vara er fyrst og fremst seld í pakka þar sem verðið helst óbreytt.“

ibs@frettabladid.is



**MATVÖRUVERSLUN** Nokkrir birgjar hafa dregið boðaðar verðhækkanir til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

### Gjaldskrár- og verðhækkanir eftir áramót




### DRAGA VERÐHÆKKANIR TIL BAKA

- N1 dró í gær til baka sjö prósenta hækkun á smurþjónustu.
- Emmessís dró í gær til baka boðaða 4,5 prósenta hækkun á ís.
- Hagkaup boðaði í gær verðlækkun að meðaltali um 2,5 prósent á um 1.500 innfluttum vörum.
- Bílastæðasjóður í Reykjavík sagði boðaðar gjaldskrárhækkanir hafa verið mistök og dró þær til baka.
- Ölgerðin boðar verðlækkanir. Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, segir fyrirtækið ætla að taka þátt í viðleitninni til að ná tökum á verðbólgunni. „Við ætlum að lækka verð á tilteknum innflutningsvörum með tilliti til gengis. Varðandi okkar eigin framleiðsluvöru hefur engin ákvörðun verið tekin um verðhækkun. Þetta er gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir fyrirtæki og almenning.“










• ÚTSALA • ÚTSALA •
VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
30-50% AFSLÁTTUR
Svæðaskipt heilsurúm
90 x 200 cm
Verð frá 69.900.-
Svæðaskipt heilsurúm
160x200 cm
Verð frá 139.200.-
Sérsmíðum heilsurúm
í öllum stærðum.
Dýnur og botna.
FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING
Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!
50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
ETHANOL ÖRNUM
VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótel og gistiheimili
RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is
VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Hálkuvarnir í Reykjavík:

# Dreifa tugum tonna af sandi

**UMHVERFISMÁL** Mikill klaki er víða á gangstéttum og stígum í Reykjavík. Til að auðvelda gangandi fólki að komast leiðar sinnar, dreifa starfsmenn dráttarvéladeildar borgarinnar daglega 30 til 40 tonnum af sandi á gangstéttir og stíga, eða um 200 tonnum á viku.

Í forgangi eru helstu göngu- og hjólastígar, svokallaðir stofnstígar milli borgarhluta og síðan helstu gönguleiðir að strætóbiðstöðvum og skólum. - jme

Fomaður Landssambands verslunarmanna um andstæðinga kjarasamninga:

# Hefðu hækkað þá hæstu meir

**KJARAMÁL** Formaður Landssambands verslunarmanna sakar þá verkalýðsforingja sem talað hafa hæst gegn nýgerðum kjarasamningi um lýðskrum, enda hefði þeirra kröfugerð haft í för með sér enn frekari hækkun hæstu launa en raunin varð.



GUÐBRANDUR EINARSSON

Á vef landssambandsins skrifar Guðbrandur Einarsson: „Þeir kröfðust 7 prósenta almennrar hækkunar en við sömdum um 2,8 prósent. Þetta hefði þýtt að 500.000 kr. laun hefðu hækkað um 35.000 kr. en ekki 14.000 kr. og 1.000.000. kr. laun hefðu hækkað um 70.000 kr. en ekki 28.000 kr. eins og gerist í samningnum sem nú hefur verið undirritaður. Menn eru því ekki samkvæmir sjálfum sér þegar kemur að því að tala gegn þessum samningi.“

Guðbrandur bætir því við að sannarlega sé almenna hækkunin undir verðbólgumælingu síðustu tólf mánaða.

„Ef við hefðum hins vegar samið umfram þá verðbólgumælingu hefðum við verið að semja um viðvarandi verðbólgu og það viljum við ekki.“ Með þessu væri kaupmáttur aukinn, stöðugt verðlag væri tryggt og komið í veg fyrir miklar hækkanir á skuldum heimilanna. - þj

Flensan ekki farin að herja:

# Fá tilfelli inflúensu í Evrópu

**HEILBRIGÐISMÁL** Enginn greindist með inflúensu í fyrstu viku ársins samkvæmt upplýsingum frá Landlæknisembættinu. Fá tilfelli inflúensu hafi greinst í Evrópu það sem af er ári.

Fáir hafa leitað til læknis vegna veikinda sem líkjast inflúensu það sem af er ári.

Tugur fólks hefur leitað læknis vegna sýkingar af völdum RSV-veiru. Helstu einkenni RSV-sýkingar eru hiti, hósti, kvef og stundum píp við öndun. - jme




# Vantar fleiri kosti á hlutabréfamarkað

Forstjóri Kauphallarinnar telur óheppilegt að stærstu fyrirtæki landsins séu enn utan markaðarins og vill að hann endurspegli hagkerfið. Hann segist fagna gagnrýninni og heilbrigðri umræðu um verðlagningu á hlutabréfamarkaðinum.

**VIÐSKIPTI** „Ég fagna því að það sé uppi gagnrýnin og heilbrigð umræða um verðlagningu á hlutabréfamarkaði og tel að það sé af hinu góða. Við höfum, án þess að ég sé að leggja nokkurt mat á hvort verðlagið sé of hátt eða of lágt, bent á ákveðnar hættur sem eignamörkuðum er skapað með gjaldeyrismörkuðum hér á landi,“ segir Páll Harðarson, forstjóri NASDAQ OMX kauphallarinnar á Íslandi, í samtali við Fréttablaðið.

Tveir sérfræðingar sögðust í blaðinu í gær sjá merki um að eignabóla geti farið að myndast á hlutabréfamarkaði en heildarviðskipti með hlutabréf jukust um 162 milljarða milli ára. Páll segist ekki geta tjáð sig sérstaklega um verðmyndun á markaðnum en segir að vissu leyti óheppilegt hve smár hann er hérlendis.

„Hér er fjármagn sem hefur ekki aðra kosti heldur en innlenda sem skapar auðvitað ákveðnar hættur. Það er fjármagn sem kemur til landsins en minna sem fer út sem skapar hættur í skekkingu í verðmyndun. Það sem að einhverju leyti hefur dregið úr þessari hættu er að erlent fjármagn hefur að frekar takmörkuðu leyti verið að leita inn á markaðinn sem skrifast á vantraust vegna gjaldeyrishaftanna. Það er auðvitað í sjálfu sér ekki af hinu góða,“ segir Páll.

Hann segir að fyrir utan að losna við höftin sem fyrst sé nauðsynlegt að fá fleiri kosti inn á íslenskan hlutabréfamarkað.

„Við erum auðvitað mjög ánægð með þau félög sem hafa komið inn á markaðinn en vildum gjarnan fá líka þessi stærstu fyrirtæki sem enn eru fyrir utan markaðinn. Þá er helst litið til fjármálageirans, orkugeirans og svo auðvitað á sjávarútveginn. Þannig vantar auðvitað stórar undirstöður í atvinnulífinu hér á landi inn á markaðinn,“ segir Páll sem vonast til að það rætist að einhverju leyti úr þessu eftir því sem líður á árið.



**KAUPHÖLLIN** Fleiri kosti vantar á íslenskan hlutabréfamarkað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er augljóslega óheppilegt, þar sem þetta eru býsna stórir fjárfestingarkostir, bankarnir, helstu sjávarútvegsfyrirtækin og orkufyrirtækin, sem bæði fagfjárfestar, lífeyrissjóðir og almenningur hefði mikinn áhuga á. Margir hverjir í orkunni hafa töluvert erlent tekjustreymi,“ segir Páll sem telur að það sé eitthvað sem fjárfestar séu klárlega að leita eftir og væri gott fyrir markaðinn.



> Hér er fjármagn sem hefur ekki aðra kosti heldur en innlenda sem skapar auðvitað ákveðnar hættur.
>
> *Páll Harðarson, forstjóri kauphallarinnar á Íslandi*

„Þetta er mikilvægt frá þeim sjónarhóli að hlutabréfamarkaðurinn endurspegli hagkerfið okkar á hverjum tíma,“ segir Páll að lokum. fanney@frettabladid.is

Meðan fimbulkuldi gekk yfir N-Ameríku hafa Ástralar glímt við hitasvækju:

# Hitametin falla ört í Ástralíu

**ÁSTRALÍA, AP** Meðan kuldakastið mikla gengur yfir vestra hafa Ástralar mátt búa við meiri hita en dæmi eru til um.

Veðurfræðingar spá allt að 50 stiga hita í dag á norðvesturströndinni, sem er strjálbyggð og stórskorin.

Síðasta ár varð hið heitasta í sögu Ástralíu og ekkert lát virðist ætla að verða á þeirri þróun. Frá 27. desember síðastliðnum hafa hitamet verið slegin á 24 stöðum í Ástralíu. Þannig komst hitinn í námubænum Narrabi, sem er í Nýja Suður-Wales, upp í 47,8 stig, en það er 3,6 gráðum hærra en áður hefur mælst þar.

Hitunum fylgir hætta á gróðureldum, en íbúarnir reyna að lifa þetta af með því að kæla sig í sjó eða sundlaugum.



**SVAMLA Í SJÓNUM** Ástralar sækja í hafið til að kæla sig þessa dagana. NORDICPHOTOS/AFP

„Við neyðumst til að lifa með þessu. Það er ekkert hægt að gera,“ segir Gian Tate, sextug kona sem býr á afskekktum stað í Pilbara á norðvestanverðri Ástralíu. Stóran hluta dagsins situr hún í lítilli laug fyrir utan húsið sitt. Hitamælirinn heima hjá henni fór upp í 50 stig í gær. - gb

# HÖLDUM AFTUR AF VERÐHÆKKUNUM



Nú er brýnt að íslensk fyrirtæki, sveitarfélög og ríki leggi sitt af mörkum til að skapa stöðugt verðlag. Verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu senda mjög neikvæð skilaboð út á vinnumarkaðinn enda er lág verðbólga ein helsta forsenda nýgerðra kjarasamninga.

**Horfum fram á veginn og sýnum ábyrgð!**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 63737 01/14

# BÆTTU SMÁ GLASGOW Í LÍF ÞITT

**Verð frá 19.800* kr.**

**Þessi ferð gefur frá 1.500 til 4.500 Vildarpunkta aðra leiðina.**



**Tjörnin er ekki nafli andaheimisins**

Skoskar endur í Glasgow halda því fram að Green Park og Doulton gosbrunnurinn séu miklu betri staður. Þúsundir Íslendinga sem heimsækja Glasgow á hverju ári eru á sama máli. Þeim finnst þeir hvergi fá betra tækifæri til að fyllast af andagift og freyðandi fjöri en einmitt í borginni á bökkum Clyde. Og það verður að viðurkennast að skoskir sekkjapípuleikarar hafa það fram yfir kríur að þeir ganga í pilsum.

PEOPLE MAKE GLASGOW

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.



+ Bókaðu núna á icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

# Góð foreldrasamvinna við skilnað

**Niðurstöður rannsóknar, þar sem tekin voru viðtöl við foreldra sem hafa skilið, sýna að hægt er að flokka foreldra í þrjá hópa eftir því hvernig þeir standa að skilnaðinum, eftirmálum hans og samskiptum vegna barnanna. Foreldrar sem taka jafnan þátt í uppeldi barnanna, setja hagsmuni þeirra fram fyrir sína eigin og vinna saman eru sá hópur sem nær best að lágmarka skaðleg áhrif skilnaðarins á börnin sín.**

Því betri foreldrasamvinna við skilnað, því meiri sátt og vellíðan fyrir barnið. Því meiri ágreiningur milli foreldra, því neikvæðari áhrif á barnið og kynslóðatengslin.

Þetta er ein af niðurstöðum rannsóknar um áhrif skilnaða á lífsgæði barna. Í bókinni Eftir skilnað er greint frá rannsókninni þar sem tekin voru viðtöl við einstaklinga í sextán fjölskyldum; foreldra sem höfðu gengið í gegnum skilnað og ömmur og afa skilnaðarbarna.

Dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og fjölskylduráðgjafi hjá Tengslum, er höfundur bókarinnar ásamt Sólveigu Sigurðardóttur.

„Foreldrapörin féllu í þrjá hópa og það eru mjög skýr og ólík þemu sem einkenna hópana. Bestu foreldrasamvinnuna, þar sem minnsta röskunin á lífi barnanna var í kjölfar skilnaðar, er að finna í samtímahópnum. Það er sá hópur sem fer vaxandi í samfélaginu. Þetta eru pör sem skilja án heiftar, taka ákvarðanir í sameiningu og vilja vanda sig til að gæta hagsmuna barna sinna.“

Sigrún segir að í þessum hópi séu feður ekki síður með ábyrgðartilfinningu gagnvart börnunum við skilnað og tengir hún það meðal annars við virkari þátttöku feðra í meðgöngu, fæðingu og tengslamyndun við barnið fyrstu árin.

„Þetta eru foreldrarnir sem hafa jafna búsetu barna eftir skilnað, svokallað viku og viku fyrirkomulag. Mínar rannsóknir og aðrar á Norðurlöndunum sýna að þetta eru úrvalsforeldrarnir. Þeir eru ekki bara metnaðarfullir foreldrar heldur líka metnaðarfullir í starfi og þar af leiðandi hentar þeim oft vel að hafa barnlausa viku til að sinna starfi sínu.“



**SIGRÚN JÚLÍUSDÓTTIR** prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og fjölskylduráðgjafi hjá Tengslum, er höfundur bókarinnar Eftir skilnað sem fjallar um þau áhrif sem skilnaðir hafa á lífsgæði barna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Góðir vinir eftir skilnað

Jöfn búseta barna hjá foreldrum krefst mikilla samskipta og málamiðlana. Einhverjar gagnrýnisraddir hafa sagt að ef foreldrar geta verið í svona miklum og góðum samskiptum, gætu þeir allt eins haldið áfram að búa saman. Sigrún segir börnin velta þessu einnig fyrir sér því þau skilji ekki af hverju mamma og pabbi geti ekki bara verið saman fyrst þau geti verið svona góðir vinir.

„Þegar fólk skilur þá er það laust undan væntingum og vonbrigðum í sambandinu og það þarf ekki að mæta dýpri þörfum hvort annars. Það er skuldbindingin í sambandinu sem hefur valdið ósætti, óánægju og vansælu. Þegar sú skuldbinding er ekki lengur til staðar þá útleysist allt þetta jákvæða og samskiptin geta aftur orðið góð,“ segir Sigrún.

Hún segir þó ýmislegt geta komið upp varðandi jafna búsetu sem foreldrar þurfi að vera meðvitaðir um auk þess sem fyrirkomulagið hefur ekki verið fyllilega rannsakað og því margir fyrirvarar.

„Foreldrarnir einbeita sér oft óþarflega mikið að barninu þá viku sem það er hjá þeim. Það getur verið erfitt fyrir lítið barn að uppfylla tilfinningalegar þarfir foreldra sinna, til að mynda nánd og að hjálpa foreldri með sektarkennd. Það má segja að það séu alltaf jól og páskar hjá börnunum, eina vikuna hjá mömmu og hina hjá pabba.“

Sigrún segir einnig þurfa að passa upp á tengslin við aðra fjölskyldumeðlimi. „Börnin umgangast ekki ömmu og afa jafn mikið því foreldrarnir tíma ekki að setja börnin í pössun þegar þau eru hjá þeim. Margir foreldrar hafa líka gert samkomulag sín á milli að passa frekar fyrir hvort annað en að fá pössun.“

### Flestir með sameiginlega forsjá

Langflestir foreldrar sem skilja nú til dags hafa sameiginlega forsjá eða yfir nítíu prósent enda er það meginreglan samkvæmt íslenskum lögum. Í auknum mæli fylgir sameiginlegri forsjá jöfn búseta þótt það sé alls ekki reglan. Foreldrar semja um umgengni í hverju tilfelli enda hefur hugmyndin um jafna búsetu ekki enn komist í lögin.

„Um leið og jöfn búseta yrði lögfest væri rökrétt að möguleiki væri á tveimur lögheimilum. Í dag er eingöngu hægt að hafa eitt lögheimili og í flestum tilfellum er það hjá móður. Sveitarfélögin hafa verið mótfallin því að breyta þessu því ef foreldrar búa ekki í sama sveitarfélagi getur þetta orðið mjög flókið. Það er af því að lögheimilið tengist skráningu og samskiptum við skóla, heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og aðra þjónustu sem er í hlutverki sveitarfélagsins að veita.“

Sigrún segir þó mikilvægt fyrir barnið að geta verið skráð á báðum heimilum sínum og bendir á að það sé alls ekki fráleitt að skuldbinda foreldra barns á skólaaldri til að búa í sama sveitarfélagi.

„Það fylgir því ábyrgð að eignast barn, það er skuldbinding. Þótt foreldrar skilji sem par þá getur það ekki skilið sem foreldrar. Því ber foreldrum að haga málum sínum þannig að það sé til hagsbóta fyrir barnið og setja þarfir þess fram fyrir sínar eigin. Þótt foreldrar sofi ekki í sama rúmi ættu þeir að geta búið í sama sveitarfélagi.“

erlabjorg@frettabladid.is

## SKILNAÐARTÍÐNI Á ÍSLANDI 1990-2010




## Þrír ólíkir foreldrahópar

Foreldrar í rannsókninni brugðust afar misjafnlega við skilnaðinum og voru viðhorf til forsjárfyrirkomulags einnig ólík. Við nánari greiningu á svörum foreldranna kom fram ótvíræður munur í þessu og féllu þeir í þrjá foreldrahópa.



### ➜ Hefðbundni hópurinn

Að mestu hefðbundin viðhorf ríkjandi til kynhlutverka, framfærslu og ábyrgðar. Valdastaða móður er sterk varðandi börnin og vegna sterkrar ábyrgðartilfinningar úthlutar móðir skammtaða og skilyrta samveru föður við börnin.



### ➜ Samtímahópurinn

Foreldrar setja undantekningarlaust hagsmuni barnsins ofar eigin ágreiningi og ósætti. Þeir virðast geta unnið sameiginlega að niðurstöðu út frá sanngirni og jöfnuði. Foreldrar taka jafnan þátt í lífi barnanna.



### ➜ Ágreiningshópurinn

Mest um átök og ósætti milli foreldra og frekar regla en undantekning að illindin bitni á samskiptum í kringum börnin og við þau. Foreldrar halda áfram að berjast um tilfinningar, völd og áhrif sem snúast ekki um barnið heldur óuppgerðar tilfinningar.



# Austurhöfn breyting á deiliskipulagi

## Kynningarfundur á auglýsingartíma

**Mánudaginn 13. janúar 2013 í Hörpu kl. 17:00-18:00**

Kynnt verður breyting á deiliskipulagi Austurhafnar. Reiturinn afmarkast af Tryggvagötu, Lækjargötu, Kalkofnsvegi og höfninni. Í breytingunni felst breytt lega Geirsgötu sem myndar hornrétt gatnamót við Lækjargötu. Stærð byggingarreita, byggingarmagn og hæðir húsa breytast.

Hægt er að senda inn athugasemdir til 3. febrúar á skipulag@reykjavik.is.

Allir velkomnir.

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

ÄNGLAMARK

# VERÐLÆKKUN Á BLEYJUM Í NETTÓ

## Lækkun á virðisaukaskatti úr 25,5% í 7%

**BLEYJUR: Midi, Maxi og Junior**
**1.689** kr/pk
Áður 1.989 kr

**Newborn**
**849** kr/pk
Áður 998 kr

**Mini**
**1.098** kr/pk
Áður 1.298 kr




**BLAUT-KLÚTAR**
**299** kr/pk



## VELDU ÞAÐ BESTA FYRIR BARNIÐ ÞITT

ÄNGLAMARK BLEYJURNAR ERU UMHVERFISVÆNAR OG INNIHALDA ENGIN ÓNAUÐSYNLEG AUKAEFNI.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

netto

# SKOÐUN

Merki sjást um nýja hlutabréfabólu:

## Höft og hlutabréfamarkaður

Merki eru farin að sjást um að eignabóla geti orðið til á íslenzka hlutabréfamarkaðnum. Það er mat tveggja sérfræðinga sem rætt var við í Fréttablaðinu í gær, þeirra Stefáns Brodda Guðjónssonar hjá greiningardeild Arion banka og Jóhanns Viðars Ívarssonar hjá IFS greiningu.

Eitt af því sem helzt gæti stuðlað að slíkri bólumyndun eru gjaldeyrishöftin, sem fátt bendir til að verði afnumin á næstunni. „Þegar mikið fjármagn er að leita að fáum fjárfestingarkostum er alltaf hætta á því að bóla myndist og það er svolítið það sem við gætum farið að upplifa á Íslandi,“ sagði Stefán Broddi í blaðinu í gær.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Verð hlutabréfa hefur að undanförnu hækkað mikið og veltan vaxið verulega. Enn sem komið er hefur íslenzki markaðurinn þróazt með svipuðum hætti og erlendir markaðir, að sögn Stefáns Brodda.

Jóhann Viðar segir fjárfesta þó þurfa að fara varlega. Verðið sé hátt, án þess þó að vera komið „út fyrir þessi mörk sem mætti kalla bóluástand“. Hann segir að væru gjaldeyrishöftin ekki fyrir hendi mætti færa góð rök fyrir því að verðið ætti að vera lægra.

Endurreisn hlutabréfamarkaðarins hefur að mörgu leyti gengið vel eftir hrun, þótt hún hafi verið hæg. Höftin hafa hins vegar spillt fyrir þróuninni. Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, hefur bent á að þau hafi dregið úr hvata fyrirtækja til að skrá sig á markað, sækja sér þannig framkvæmdafé og efla hagvöxt. Fyrirtæki sem eru með áform um að fjárfesta á erlendum mörkuðum græða til dæmis lítið á því að sækja sér íslenzkar krónur í hlutafé.

Merki um eignabólu ber að taka alvarlega. Fjárfestar þurfa auðvitað að sýna sérstaka aðgæzlu, en stjórnvöld þurfa líka að huga að því hvernig umgjörð hlutabréfamarkaðnum er búin. Því miður hefur ríkisstjórnin útilokað nærtækasta kostinn í afnámi gjaldeyrishaftanna með því að hætta aðildarviðræðunum við Evrópusambandið, en samstarf um afléttingu haftanna var hluti af þeim.

Eðli bólu er auðvitað að hún springur á endanum. Það upplifðum við fyrir hrunið; fyrst hríðféllu hlutabréf í verði og svo þurrkaðist sparifjáreign margra í hlutabréfum einfaldlega út. Eftir þá kollsteypu hefur tekizt hægt og bítandi að byggja upp traust fjárfesta og almennings á hlutabréfamarkaðnum á nýjan leik. Það þarf ekki að spyrja að því hvaða áhrif það myndi hafa ef ný bóla yrði til og spryngi. Vafasamt er að hlutabréfamarkaðurinn bæri sitt barr eftir það. Það myndi skaða íslenzkt efnahagslíf til frambúðar.

Það skiptir þess vegna gífurlega miklu máli að búa verðbréfamarkaðnum hér á landi eðlilegar aðstæður á nýjan leik og koma Íslandi aftur í samband við alþjóðlegan fjármagnsmarkað. Íslenzkt atvinnulíf bíður í ofvæni eftir raunhæfri áætlun um afnám gjaldeyrishaftanna – en það virðist býsna djúpt á henni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Fagmennskan**

Sigurður Ingi Jóhannesson umhverfisráðherra sagði í viðtali í Kastljósi í fyrrakvöld að hann myndi virða niðurstöður „fagmanna“ í úttekt á virkjanakostum í Þjórsá, jafnvel þótt það fæli í sér að fórna nokkrum fossum. Já, það er bráðhressandi að sjá þessa bjargföstu trú ráðamanna á ráðleggingar fagmanna og þetta gefur örugglega tóninn fyrir framtíðina þar sem faglegt mat mun taka pólitískri hentistefnu fram … sagði trúgjarnasti maður í heimi … sem varð fljótlega fyrir sárum vonbrigðum.

**ESB-reglur strax!**

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, vakti máls á þörfu málefni í viðtali við Bændablaðið í gær þar sem hann krafðist þess að ESB-reglugerð sem kveður á um upprunamerkingar matvæla verði tekin upp án tafar hér á landi. Eins og sakir standa liggur fyrir að umrædd reglugerð verði tekin upp í lok árs vegna EES-samningsins, en eins og Sindri segir er ekki seinna vænna að keyra málið í gegn.



**Bústólparnir**

Undanfarna mánuði hafa fjölmörg dæmi komið upp þar sem matvælafyrirtæki hafa selt innflutt kjöt eða mjólkurvörur án þess að taka upprunann, sem er vitanlega óásættanlegt fyrir neytendur. Sindri tiltekur réttindi neytenda en undirstrikar líka hagsmuni íslensks landbúnaðar sem gætu að hans mati skaðast við að fella niður tolla á innfluttar landbúnaðarafurðir. Ekki vék hann hins vegar að hinni yfirvofandi hættu sem Íslendingum hefur oft hefur verið talin trú um að stafi af erlendu kjöti eða mjólkurvörum. Já, guð forði okkur frá því að svínakjöt og kjúklingar verði flutt hér inn og stefni rekstri innlendra búa í hættu. Þar á meðal „hænsnabændanna“ sem fluttu sjálfir inn og seldu okkur útlenskan kjúlla án þess að segja nokkrum frá.



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ég vil ekki giftast þér

EVRÓPUMÁL



**Silja Dögg Gunnarsdóttir**
3. þingmaður Suðurkjördæmis, Framsóknarflokki

En ég vil vera vinur þinn vegna þess að það eru allt aðrar skuldbindingar sem fylgja vináttu annars vegar og hjónabandi hins vegar. Ég hef þessa skoðun varðandi aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ég er sannfærð um að hagsmunir Íslendinga séu best tryggðir utan Evrópusambandsins. Við höldum samt sem áður áfram að vera vinir, góðir vinir, enda erum við hluti af Evrópu og höfum yfirleitt átt mikil og góð samskipti við aðrar Evrópuþjóðir.

**Bæta þarf hagstjórnina**

Umræðan upp á síðkastið, sem snýr að aðild Íslands að Evrópusambandinu, snýst að stórum hluta um kosti þess að taka upp evru. Aðrir þættir eru látnir liggja á milli hluta í umræðunni. Lítið er rætt um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál, lýðræði og auðlindamál en það eru mjög mikilvægir málaflokkar sem ráða miklu um framþróun og framtíð Íslands.

En vindum okkur yfir í gjaldmiðilsmálin. Sumir segja að við getum ekki afnumið verðtrygginguna og bætt hagstjórn landsins nema með því að taka upp annan gjaldmiðil, t.d. evru. Það er einfaldlega ekki rétt. Nýr gjaldmiðill einn og sér lagar ekki hagstjórnina, við þurfum sjálf að breyta henni til hins betra.

**Krónan okkar gjaldmiðill**

Samráðsnefnd um peningastefnu Íslands komst að þverpólitískri samhljóða niðurstöðu. Grípum niður í frétt fjármálaráðuneytisins frá 16. október 2010:

„Að mati nefndarmanna er ekki hægt að gera ráð fyrir upptöku annarrar myntar á næstu árum. Því er mikilvægt að tryggja trausta peningastefnu með þjóðhagsvarúðartækjum og ábyrgð í opinberum fjármálum á grundvelli fjármálareglna sem taka mið af þróun efnahagslífsins. Slíkt er grundvöllur góðrar hagstjórnar óháð fyrirkomulagi gengismála og peningastefnu. Almennt telja nefndarmenn að á næstu árum sé sjálfstæð peningastefna eini valkosturinn og trúverðug hagstjórn sem tekur mið af aðstæðum og hagsveiflum sé grundvallaratriði.“

Þetta er skýrt: Sjálfstæð peningastefna er eini kosturinn næstu árin og nauðsynlegt er að vinna innan þess ramma. Og undir þetta kvitta ASÍ, SA og fulltrúar allra stjórnmálaflokka.

Nú hefur verið gert hlé á aðildarviðræðum við ESB. Ný og öflug ríkisstjórn hefur tekið við stjórnartaumunum og bætt hagstjórn er mjög ofarlega á verkefnalista hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Þjóðarsátt gegn dagforeldrum

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Deila skekur samfélagið. Fólk skipast í fylkingar. Annars vegar eru það þeir sem vilja útrýma dagforeldrastéttinni með því að senda börn fyrr í leikskóla. Andspænis þeim standa þeir sem vilja útrýma dagforeldrastéttinni með því láta börn vera lengur hjá foreldrum sínum. Þjóðfélagið logar í illdeilum. En til allrar hamingju virðist stefna í sögulegar sættir þessara stríðandi fylkinga. Mæst verður á miðri leið.

Allir vinna. Nema dagmömmur sem munu þurfa að hætta að vinna.

**Pólitísk verðlagning**

Hvernig ætli það sé að annast annarra manna ungbörn? Örugglega dálítið skrítið. Sama hve vel maður stendur sig munu mikilvægustu skjólstæðingarnir ekki einu sinni muna eftir manni. Ef maður einhvern tímann hittir þá aftur þá munu þeir fara hjá sér. („Ég passaði þig þegar þú varst lítil," er ekki endilega heimsins óvandræðalegasta upphaf á samtali.) Og sama hve vel maður stendur sig munu flestir foreldrar segja upp þjónustunni um leið og börnin fá leikskólapláss. Hvers vegna? Jú, út af verðinu.

Samkvæmt viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga er kostnaður vegna eins árs gamals barns sem er átta tíma á leikskóla um 190 þúsund kr. Af þessari upphæð borga foreldrar í Reykjavík um 26-30 þúsund. Foreldrar sem eru með börnin hjá dagmömmu borga kannski 60 þúsund sjálfir og borgin niðurgreiðir vistina um 40 þúsund á móti. Heildarkostnaðurinn er því um 100 þúsund á barn. Það er töluvert minna en 190 þúsund.

Fólk fær sem sagt mjög sterka fjárhagslega hvata til að flytja börn frá dagmömmu til leikskóla við fyrsta mögulega tækifæri.

Það er í raun ekkert „dýrara að vera með börnin hjá dagmömmu". Heildarverðið er mun lægra hjá dagmömmunni. Það er bara búið að ákveða að það sé dýrara með því að niðurgreiða leikskólann um fjórfalt hærri upphæð. Það er pólitísk ákvörðun að láta börnin vera eins stutt hjá dagmömmu og þurfa þykir. Og nú vilja margir „stíga skrefið til fulls".

Í þingsályktunartillögunni sem samþykkt var er talað um að „skipa starfshóp til að meta kosti þess að bjóða leikskólavist strax og fæðingarorlofi lýkur". Það er í sjálfu sér skömminni skárra en tillaga vina minna í VG um að þetta skyldi bara gert punktur. En auðvitað er ástæða til að hafa áhyggjur. Fyrirhuguð lenging fæðingarorlofs dregur þegar úr þeim tíma þegar þjónustu dagforeldra er þörf. Því miður er líklegt að reynt verði að skerða þennan tíma enn frekar.

**Enginn veit enn hvað er best**

Hvort held ég að það sé betra að börn séu sem lengst hjá foreldrum sínum, fari sem fyrst í leikskóla eða fari til dagmömmu? Ég skal svara eins vel og get: „Ég veit það ekki." Samanburður á ungbarnaleikskólum og heimauppeldi gefur ekki ótvíræðar niðurstöður um hvort sé betra. Ég veit síðan ekki um þær rannsóknir sem bera saman vistun hjá dagforeldrum og t.d. leikskólum. Allavega hafa andstæðingar dagforeldrakerfisins ekki flaggað þeim rannsóknum í málflutningi sínum.

Kannski mun sá dagur koma að vísindamenn sammælast um að vistun barna hjá dagforeldrum sé þeim fyrrnefndu hættulegri en reykingar. En meðan sá dagur hefur ekki runnið upp er ekki réttlætanlegt að reyna að gera allt sem hægt er til að þurrka þennan valkost út af markaðnum. Stuðningsmenn þess að það sé gert munu raunar eflaust tala um að verið sé að „gefa fólki valkost" en það er tómt mál að tala um ef greiðsluþátttakan breytist ekki.

Þetta er ekkert val núna. Segjum að báðir kostirnir yrðu niðurgreiddir jafnt. Segjum að fólk hefði val um hvort það vildi setja börn til dagmömmu frítt og fá 60 þúsund kr. í vasann að auki eða borga 30 þúsund í leikskólagjöld. Hvort ætli flestir myndu velja?

> Er það markmið í sjálfu sér að gera sem flesta að opinberum starfsmönnum?

**Gegn sjálfstæðum konum**

Dagforeldrar eru fjölmenn stétt, aðallega kvenna, sem ráða sér sjálfar, skrifa eigin reikninga, halda eigið bókhald, kaupa eigin aðföng, skipuleggja vinnu sína og keppa sín á milli í verði og gæðum. Hvers vegna liggur mönnum svo á að þurrka þær út af markaðnum? Er það markmið í sjálfu sér að gera sem flesta að opinberum starfsmönnum?

# Evrópskt efnahagssvæði í 20 ár

EVRÓPUMÁL
Svana Helen Björnsdóttir
formaður Samtaka iðnaðarins



> Það hefði átt að leiða aðildarviðræður Íslands við ESB til lykta og fyrir því eru margar góðar ástæður.

Þann 1. janúar sl. voru 20 ár liðin frá því Íslendingar gerðust aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), sameiginlegu markaðssvæði 31 Evrópuríkis. Aðgangurinn að innri markaði Evrópu hefur haft mikla þýðingu, bæði fyrir fólk og fyrirtæki. Samningurinn tryggði Íslendingum frjáls vöru- og þjónustuviðskipti, frjálsa fjármagnsflutninga, sameiginlegan vinnumarkað og þar með frjálsa fólksflutninga – eða svokallað fjórfrelsi. Með EES-samningnum voru í fyrsta sinn innleiddar samkeppnisreglur sem veita neytendum vernd gegn einokun.

**Samtök iðnaðarins 20 ára**

Það er engin tilviljun að Samtök iðnaðarins á Íslandi tóku til starfa sama dag og EES-samningurinn tók gildi. Við stofnun samtakanna þurfti að leysa ýmis erfið þrætumál og leggja varð minni og sérhagsmuni til hliðar. Það voru hinir stóru og sameiginlegu hagsmunir sem réðu því að það tókst að mynda stærstu samtök fyrirtækja á Íslandi. Með stofnun SI skapaði íslenskur iðnaður sér sameiginlegan vettvang til að vinna að hagsmunamálum iðnaðarins og um leið sköpuðu fyrirtækin innan samtakanna sér stöðu sem samræmdist mikilvægi framlags þeirra til þjóðarbúsins. Menn töldu þá sem nú mikilvægt að snúa bökum saman í sókn á opna alþjóðlega markaði. Eitt af þeim málum sem heitast brann á stjórnendum fyrirtækja var sveiflujöfnun í íslensku efnahagslífi, þannig að gera mætti áreiðanlegri rekstraráætlanir. Það hefur enn ekki tekist og þar til það tekst búa íslensk fyrirtæki við lakari rekstrarskilyrði en samkeppnisaðilar þeirra erlendis.

**Samkeppnisstaða Íslands**

Fyrirtæki landsins og fólkið sem þar starfar eru hinir eiginlegu skaparar verðmætanna sem lífskjör þjóðarinnar byggja á. Þó er til lítils að framleiða verðmæti ef ekki er hægt að koma þeim í verð á markaði. Þess vegna skiptir aðgangur að innri markaði Evrópu höfuðmáli fyrir lífskjör Íslendinga.

Evrópusambandið er í mikilli þróun og um leið er EES-samningurinn að úreldast. Gott dæmi um það er fríverslunarsamningur ESB við Bandaríkin, sem Íslendingar munu ekki eiga aðild að. Við sem á Íslandi búum þurfum ekki aðeins að verjast heldur jafnframt að sækja fram og ná að nýta tækifærin sem bjóðast í hinni hörðu alþjóðlegu samkeppni, m.a. um fólk og fyrirtæki. Lífskjör okkar í framtíðinni byggjast á því.

**Til mikils að vinna**

Það hefði átt að leiða aðildarviðræður Íslands við ESB til lykta og fyrir því eru margar góðar ástæður. Sú fyrsta er að málið er og verður þrætuepli þar til úr því fæst skorið hver vilji þjóðarinnar er. Önnur ástæða er sú að okkur er hollt að rýna okkur til gagns þær kröfur sem ESB gerir til sambandsríkja sinna um góða hagstjórn. Á henni byggir stöðugleikinn sem fyrirtækin innan Samtaka iðnaðarins hafa barist fyrir í 20 ár. Það er óvíst að EES-samningurinn muni í framtíðinni tryggja aðgang að innri markaði Evrópu. Bregðist hann verður samningsstaða okkar mun verri en nú er. Lífskjör munu versna og frelsi landsmanna meðal þjóða skerðast. Því þarf að hefja aðildarviðræðurnar á ný og láta þjóðina að þeim loknum taka afstöðu í einu afdrifaríkasta hagsmunamáli sínu.




Kosið um kjarasamninga VR

Rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR um nýgerða kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda hefst kl. 9:00 að morgni 15. janúar 2014 og lýkur kl. 12:00 á hádegi þann 20. janúar 2014. Kjörgögn með nánari upplýsingum og lykilorði inn á rafrænan atkvæðaseðil berast félagsmönnum á næstu dögum.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.vr.is

Kjörstjórn VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS
Virðing
Réttlæti
VR





**STJÓRNARFORMAÐURINN** *Dríta Snædal segir aldrei hafa komið til tals að leita leiða til að auka fé sjóðsins. Hann hafi eingöngu miðast við söluverð húseignanna.* FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sautján styrkir til menningarmála kvenna

Í gær var úthlutað styrkjum úr Menningarsjóði Hlaðvarpans, en úthlutað hefur verið árlega frá 2008. Síðasta úthlutun úr sjóðnum fer fram á næsta ári, að sögn Drífu Snædal stjórnarformanns, en hann var fjármagnaður með sölu á húseignum Hlaðvarpans.

Menningarsjóður Hlaðvarpans úthlutaði tæplega 7 milljónum króna til menningarmála kvenna að þessu sinni. Úthlutunin fór fram í aðalsafni Borgarbókasafns í gær. Í þessari sjöundu úthlutun úr sjóðnum voru veittir sautján styrkir en alls bárust rúmlega eitt hundrað umsóknir.

Forsaga málsins er sú að árið 1985 ákvað hópur kvenna að festa kaup á húsunum við Vesturgötu 3 í Reykjavík. Þau voru þá í nokkurri niðurníðslu og hætta á að þessi glæsilegu hús yrðu rifin. Ákveðið var að stofna hlutafélag kvenna sem keypti húsin og gekk undir nafninu Hlaðvarpinn. Smátt og smátt voru húsin gerð upp og þar blómstraði ýmiss konar menningarstarfsemi um árabil. Þar var rekið leikhús, bæði í kjallara og sal, haldinn fjöldi tónleika og funda. Herbergi voru leigð út til félaga og fræðikvenna og þannig mætti áfram telja. Viðgerðir og rekstur voru félaginu þung í skauti og skuldir söfnuðust upp. Þar kom að ákveðið var að hætta rekstrinum og selja húsin. Í samþykktum Hlaðvarpans var kveðið á um að yrði félagið lagt niður skyldi andvirði húsanna varið til að styrkja menningarstarfsemi kvenna. Nú er svo komið að fé sjóðsins er að klárast og að sögn Drífu Snædal, stjórnarformanns sjóðsins, verður úthlutað í síðasta sinn á næsta ári. Hún segir aldrei hafa komið til tals að leita leiða til að auka fé sjóðsins. „Hann var hugsaður til þess að nýta og dreifa þeim peningum sem komu fyrir sölu húseignanna,“ segir hún. „Þannig að þetta var í sjálfu sér aldrei hugsað sem sjálfbær sjóður.“

Úthlutað hefur verið úr sjóðnum árlega frá árinu 2008 og alls hefur verið úthlutað um 74 milljónum króna til rúmlega 140 verkefna. Drífa segir áherslu hafa verið lagða á að skilgreina menningarmál á sem breiðustum grunni þegar styrkþegar hafi verið valdir. „Við styrkjum ekki bara þessar hefðbundnu listgreinar heldur höfum við verið að styrkja ýmis fræði, ráðstefnur og slíkt. Enda getur fólk séð það inni á heimasíðu Hlaðvarpans að þessir styrkir hafa farið víða og nýst vel.“

fridrikab@frettabladid.is

## ➜ Styrkþegar í ár

**Hljómsveitin Dúkkulísur**
**Ísold Uggadóttir**
**Ragnheiður Björg Þórsdóttir**
**Hrafnhildur Schram**
**Guðný Gústafsdóttir**
**MFÍK**
**Katrín Gunnarsdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, Elín Elísabet Einarsdóttir, Hildur Sigurgrímsdóttir, Hrafnkatla Eiríksdóttir, María Helga Guðmundsdóttir og Sigrún Antonsdóttir**
**Erla Hulda Halldórsdóttir**
**Poulenc-hópurinn**
**Fjöruverðlaunin**
**Femínistafélag Íslands**
**María Reyndal**
**dottirDOTTIR**
**Iðunn Vignisdóttir**
**Ugla Egilsdóttir**
**Konubókastofa**

---

✝



Ástvinur okkar,

**GUNNAR GUÐMUNDSSON**
**tónlistarmaður og símavörður,**

andaðist 17. desember. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð.

**Guðríður Jensdóttir og Natalie G. Gunnarsdóttir**

---

✝



Hjartanlegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elsku eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

**KARÍTASAR KRISTJÁNSDÓTTUR**
**hjúkrunarfræðings.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimahlynningar og líknardeildar Landspítalans fyrir góða umönnun og vinarþel.

**Kári Sigurbergsson**
**Kristján Kárason** **Hrafnhildur Soffía Guðbjörnsdóttir**
**Sigurbergur Kárason** **Guðrún Jónasdóttir**
**Hrafnkell Kárason** **Brynhildur Ingvarsdóttir**
**Ásdís Káradóttir** **Arnar Þór Másson**
**og barnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir og afi,

**JÓN DAHLMANN**
**Torfufelli 6, Reykjavík,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Mörk mánudaginn 30. desember sl. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 14. janúar kl. 13.00.

**Dagný Kristjánsdóttir**
**Davíð Anderson**
**Birgir, Margrjet og Embla**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**AÐALBJÖRG JÓNSDÓTTIR**
**sjúkraliði,**

sem lést á Landspítlanum við Hringbraut aðfaranótt laugardagsins 4. janúar sl. verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 10. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á að láta Landspítala – háskólasjúkrahús njóta þess.

**Sigríður Rut Skúladóttir**
**Valgerður Margrét Skúladóttir** **Sveinbjörn Halldórsson**
**Jón Hjörtur Skúlason** **Margrét Óðinsdóttir**
**Steinunn Skúladóttir** **Guðni Erlendsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs sonar míns, bróður og frænda,

**HALLDÓRS SÆMUNDSSONAR**
**Fögruhlíð, Skálatúni, Mosfellsbæ.**

Við viljum sérstaklega þakka starfsfólki Skálatúns fyrir gott og óeigingjarnt starf í gegnum árin.

**Aðalheiður Kolbeins, systkini og fjölskyldur.**

---

✝



Okkar kæra frænka og vinur,

**BJÖRNEY JÓNA BJÖRNSDÓTTIR**
**hjúkrunarkona,**
**Hlíf II, Ísafirði**

lést á Sjúkrahúsi Ísafjarðar 3. janúar. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 18. janúar kl. 14.00.

**Jónína S. Lárusdóttir** **Gísli H. Sigurðsson**
**Birna Lárusdóttir** **Valur Hugason**
**Oddný F. Lárusdóttir** **Finnbjörn Þ. Kristjánsson**
**Steinunn Sölvadóttir** **Stefán K. Símonarson**

---

✝



Móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,

**SOFFÍA I. EIRÍKSDÓTTIR**

lést á dvalarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi 30. desember sl. Jarðarför fer fram í kyrrþey að hennar ósk.

**Börn, barnabörn, langömmu- og langalangömmubörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**GUÐMUNDA JÓNÍNA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**frá Brekku á Ingjaldssandi, síðar Gerðhömrum í Dýrafirði,**

sem lést 31.12. sl. á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 11.01. kl. 14.00.

**Einar Jónsson** **María Pálsdóttir**
**Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir**
**Dagný Jónsdóttir** **Arnór Magnússon**
**Álfhildur Jónsdóttir** **Þór Ólafur Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, sonur, afi og bróðir,

**FANNBERG EINAR STEFÁNSSON**

er látinn. Útför hans verður auglýst síðar.

**Stefán Halldór Fannbergsson** **Sunneva Jónsdóttir Snæhólm**
**Sverrir Fannbergsson** **Jónína Lilja Þórarinsdóttir**
**Erna Fannbergsdóttir** **Þórarinn Björn Steinsson**
**Erna Fannberg Fannbergsdóttir**
**Lilja Brynjólfsdóttir**
**barnabörn og systkini.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



## EYÞÓR INGI OG STORMSVEITIN

**Þrettándatónleikar Stormsveitarinnar verða í Salnum, Kópavogi, annað kvöld kl. 21. Sveitin er 20 manna karlakór ásamt fimm manna rokkhljómsveit. Sérstakir gestir verða Eyþór Ingi og Birgir Haraldsson. Tónleikarnir verða viðamiklir en þar má heyra allt frá laginu Brennið þið vitar til Metallica-tónlistar.**


Lionssalurinn Lundur

- Afmælisveislur
- Árshátíðir
- Þorrablót

Cocktail.is
Veisluþjónusta

Brúðkaupsveislur.is • Fermingarveislur.is

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994





Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Salsa
Break
Zumba
Hip Hop
Freestyle
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámsskeið fyrir hópa
Börn - Unglingar - Fullorðnir

Fristundakortið

ZUMBA fitness

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar
Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553 6645 | dans@dansskoli.is




**HANDBOLTAKOKKUR** „Ég er kokkurinn á heimilinu og konan hefur ekki þurft að koma þar nærri í áratugi, sér til mikillar ánægju," segir Siggi Sveins. MYND/DANÍEL

# VITUM BETUR EN ÞJÁLFARARNIR

**HANDBOLTAVEISLA** *Evrópumótið í handbolta hefst á morgun. Matgæðingurinn Siggi Sveins situr límdur við skjáinn með góðar veitingar.*

Landslið karla í handknattleik hefur leik á Evrópumótinu á morgun, laugardag þegar það mætir Norðmönnum í fyrsta leik B-riðils í Danmörku. Stór hluti þjóðarinnar fylgist með gengi landsliðsins á stórmótum og einn þeirra er gamla kempan og sælkerinn Sigurður Valur Sveinsson, betur þekktur sem Siggi Sveins. Hann er ágætlega bjartsýnn á gengi liðsins þrátt fyrir að mikið hafi gengið á í undirbúningi þess. „Þótt nokkra lykilmenn vanti eða þeir séu hálfmeiddir þýðir ekkert að velta sér upp úr því. Það verður að horfa fram á veginn með bros á vör og berja sjálfstraustið inn í ungu mennina."

Fyrstu tveir leikirnir eru gegn Noregi og Ungverjalandi og metur Siggi möguleikana góða. „Lokaleikurinn er gegn Spáni og tel ég okkar menn geta staðið vel í þeim. Lykilatriði er að ná upp góðri vörn, fá markmennina með í leikinn og að Aron Pálmarsson haldi áfram að sýna frábæra takta. Milliriðillinn er frekar léttur miðað við hinn og þar allt opið. Ég held að raunhæfur möguleiki sé á 5.-8. sætinu sem væri frábær árangur."

Siggi spilaði í mörg ár með landsliðinu, meðal annars á Ólympíuleikunum í Los Angeles árið 1984. „Við „gamalmennin" hittumst nú sjaldan en hópurinn sem spilaði saman árið 1984 hefur þó hist um áramót til að vigta hver annan og borða góðan mat. Annars erum við allir með á nótunum þegar stórmót fara í gang og vitum flest betur en landsliðsþjálfararnir."

Matargerð skipar stóran sess í lífi Sigga Sveins. Hann hóf snemma að spila sem atvinnumaður erlendis og segist hafa sérhæft sig í fyrstu að hita pylsur í hraðsuðukatli. „Það breyttist þó fljótlega og nú er matargerð eitt af helstu áhugamálum mínum. Ég er alæta á mat og finnst gaman að gera tilraunir á vinum og kunningjum. Ég er kokkurinn á heimilinu og konan hefur ekki þurft að koma þar nærri í áratugi, sér til mikillar ánægju."

**FERSKT PASTA MEÐ LAXASÓSU** FYRIR 4

**500 g lax**

**LAXASÓSA:**

**6 hvítlauksrif, skorin fínt**
**1 rauður chili, fræhreinsaður og skorinn smátt**
**1 tsk. paprikuduft**
**½ peli rjómi**
**Smjör**
**Olía**
**Rjómaostur með hvítlauk**

**AÐFERÐ:**

Saxið hvítlauk og chili smátt og setjið á pönnu með smjöri og olíu í helmingshlutföllum. Látið brúnast vel og hellið síðan rjómanum út í. Rjómaosti bætt út í og paprikudufti. Látið krauma í smástund. Laxinn skorinn í smá bita og settur út í sósuna. Látið krauma í 5 mínútur og smakkað til með salti og pipar. Pasta soðið samkvæmt leiðbeiningum með kjúklingateningi. Snöggkælt og sósunni hellt yfir. Borið fram með góðu brauði.

■ starri@365.is



**LAXAPASTA** Siggi Sveins er kokkurinn á heimilinu.


Þó nokkra lykilmenn vanti eða þeir séu hálfmeiddir þýðir ekki að velta sér upp úr því. Það verður að horfa fram á veginn með bros á vör og berja sjálfstraustið í inn í ungu mennina.





Heilsuréttir Nings

Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Réttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli. Allir réttir okkar eru að sjálfsögðu án transfitu og MSG.

TRÖLLATREFJAR

| Næringargildi í 100g: | |
|---|---|
| Orka | 448 kJ / 107 kkal |
| Fita | 1,4g |
| þar af mett. fitusýrur | 0,7g |
| Kolvetni | 10,2g |
| Trefjar | 1,1g |
| Prótein | 10,8g |

Sushi er frábær hollustufæða

NINGS

MSG

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

# TOGNAÐI Á ÖKKLA VIÐ MYNDATÖKU

**LENDIR Í ÝMSU** *Útvarpsmaðurinn Sighvatur Jónsson fagnaði nýverið átján ára starfsafmæli. Hann lenti í slysi við fréttavinnslu og er kallaður „Örvar“ eftir það. Um helgina fær hann spurningalið framhaldsskólans í Eyjum í Gettu betur í heimsókn.*

Sighvatur Jónsson er mörgum kunnur úr fjölmiðlum en hann fagnaði átján ára „útvarpsafmæli“ sínu á dögunum. Sighvatur eða Hvati eins og hann er kallaður byrjaði að vinna á FM957 þann 8. janúar 1996. „Á hverju ári þakka ég Bússa, Birni Þóri Sigurðssyni, fyrir að hafa ráðið mig og hugsa sérstaklega hlýtt til allra þeirra sem ég vann með á FM og á fleiri útvarpsstöðvum. Þann 8. janúar fer ég alltaf í minningabankann og rifja upp skemmtilegar minningar frá ferlinum. Þessi dagur fyrir átján árum er alltaf eftirminnilegur, þetta var mánudagur en ég hafði kíkt við í vinnunni á föstudeginum því hjátrúin segir að ekki eigi að byrja í vinnu á mánudegi. Þá hafði ég fengið notendahandbók fyrir klippitölvuna, sem var þá nýkomin, í hendur og sat yfir henni um helgina. Ég var lengi búinn að fikta við hljóðvinnslu en pabbi var rafeindavirki og hann gaf mér lítinn sendi þegar ég var um 12 ára. Ég fór svo að senda yfir til nágranna míns og þeir sátu þar og hlustuðu á mig, vinur minn og bróðir hans. Þeir tveir voru því fyrstu hlustendurnir mínir.“

**STAFRÆNA BYLTINGIN**

Þegar Sighvatur byrjaði í útvarpi var stafræna byltingin sem orðið hefur á síðustu árum að byrja. „Ég kom inn í þennan bransa þegar menn voru að hætta að nota spólur og klippitölvurnar orðnar allsráðandi. Ég og félagi minn í Eyjum höfðum rekið litla útvarpsstöð í samstarfi við FM957 sumrin 1993 og 1994. Sumarið á eftir tóku aðrir við rekstrinum en ég sá eingöngu um hljóðvinnslu og tæknimál. Ég hef alltaf verið græjufíkill en ég sakna þess að hafa ekki komið aðeins fyrr inn í bransann og kynnst spóluvinnslunni. Þetta er allt annað og auðveldara í dag. Í stað þess að þurfa að klipppa saman efni af mörgum spólum sem þarf kannski að sækja hingað og þangað gerist þetta allt í tölvunni.“

**SJÁLFSTÆÐUR**

Sighvatur starfar í dag sem sjálfstæður framleiðandi og rekur fyrirtækið Sigva Media. Stærsta verkefnið hans til þessa er heimildarmynd um Heimaeyjargosið 1973 sem hann framleiddi seinasta sumar ásamt Jóhönnu Ýri Jónsdóttur sagnfræðingi. „Heimildarmyndin sem við Jóhanna Ýr framleiddum var í tengslum við það að fjörutíu ár voru liðin frá goslokum, hún heitir „Útlendingur heima – uppgjör við eldgos“ og er fyrsta heimildarmyndin þar sem einblínt er á tilfinningar fólks sem gekk í gegnum gosið og hvernig því hefur tekist að vinna úr atburðunum.“

**BROTNAÐI Á VETTVANGI**

Hvati sinnir enn útvarpsvinnu þar sem hann er umsjónarmaður og framleiðandi Vinsældalista Rásar 2 sem er sendur út á laugardögum klukkan fjögur og sunnudagskvöldum klukkan tíu. Samhliða því sinnir hann fréttaritarastörfum fyrir RÚV og ýmsum öðrum framleiðsluverkefnum fyrir útvarp og sjónvarp. Hvati þarf að leysa hin ýmsu verkefni af hendi við úrvinnslu frétta. „Í haust var ég að mynda við Hásteinsvöll í óveðri. Þá fauk auglýsingaskilti í höfuðið á mér og við það fékk ég skurð, það þurfti að sauma sex spor í og einnig tognaði ég á báðum ökklum.“ Aðspurður útskýrir Sighvatur þetta undarlega slys nánar. „Ég sat á hnjánum að mynda við enda vallarins þegar auglýsingaskiltið fauk inn á völlinn. Ég hélt áfram að taka upp og tók nærmynd af skiltinu sem skyndilega kom á móti mér þegar vindur snerist og hviða reif skiltið með sér. Skiltið skall á höfðinu á mér og ég henti mér svo aftur á bak og við það tognaði ég á öklunum.“ Hann er þó allur að koma til og hefur tekið fótboltaskóna fram á ný en hann æfir tvisvar í viku með félögum sínum í Lunch United. „Ég hef reyndar verið kallaður Örvar undanfarið vegna örsins sem ég er með á enninu eftir skiltið en það grær óðum.“



**VANUR MAÐUR** Átján ár eru síðan Sighvatur settist fyrst við hljóðnemann á FM957. Hann starfar enn við útvarp en nú á RÚV.

**AFSLÖPPUN**

Helgin hjá Hvata og fjölskyldu fer að mestu leyti í að slaka á. „Ég fæ þó til mín spurningalið framhaldsskólans í Vestmannaeyjum í Gettu betur í stúdíóið hjá mér á sunnudaginn þar sem keppnin er að hefjast. Svo ætlum við að njóta þess að eiga rólega helgi eftir allt fjörið yfir hátíðarnar. Jólaskrautið var tekið niður í vikunni en við skildum eina seríu eftir. Undanfarin ár hefur sá siður skapast að Eyjamenn láti eitthvað af jólaljósunum loga fram yfir 23. janúar en þann dag hófst Heimaeyjargosið 1973.“

■ **lilja.bjork@365.is**






# UPPLAGT MEÐ HELGARKAFFINU

*Hví ekki að prófa sykur-, ger-, og glútenlausar vöfflur í upphafi árs?*

Nú eru margir að taka til í mataræðinu en löngunin í eitthvað sætt og gott gerir þó án efa vart við sig eftir vellystingar síðustu vikna. María Krista Hreiðarsdóttir gaf út bókina Brauð & eftirréttir Kristu fyrir jól, en þar er eingöngu að finna sykur-, ger- og glútenlausar uppskriftir. Þar má meðal annars finna vöffluuppskrift sem er vel þess virði að prófa eitthvert helgarsíðdegið. Þar er hveiti skipt út fyrir kókoshveiti eða möndlumjöl, sykri fyrir gervisætu og mjólk fyrir kókosmjólk og vatn.

Vöfflurnar má til dæmis bera fram með sykurlausri sultu eða dökkum súkkulaðispónum og rjóma ef vill. Þá er um að gera að ýta enn frekar undir hollustuna með því að sáldra ferskum eða frosnum berjum yfir.



**4 egg**
**35 g kókoshveiti eða 70 g möndlumjöl**
**2 msk. Sukrin Gold**
**¼ tsk. salt**
**½ tsk. kanell**
**2 msk. smjör**
**2 msk. kókosmjólk**
**2-4 msk. vatn**
**1 tsk. vanilla**
**½ tsk. lyftiduft**

Bræðið smjör í potti eða örbylgjuofni. Blandið öllu innihaldi saman með handþeytara og látið standa í skál í nokkrar mínútur þar til deigið þykknar. Hitið vöfflujárnið á meðan. Bakið vöfflurnar þar til þær eru gylltar.


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447



# Lífið

FÖSTUDAGUR
10. JANÚAR 2014

*Eva Harðardóttir menntasérfræðingur*
**LÍFSSÝNIN HEFUR SVO SANNARLEGA BREYST 2**

*Bjarni Einarsson rithöfundur*
**ÆVINTÝRI Í SPJALDTÖLVUNA FYRIR KRAKKA 4**

*Heiða Fríða Björnsdóttir fatahönnuður*
**ÞÁTTTAKANDI Í MUUSE & ELLE STYLE AWARDS 10**

*Inga Dóra Pétursdóttir*

## TRÚÐI ÞVÍ AÐ HÚN MYNDI BJARGA HEIMINUM

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Heilsusamleg fyrirheit eru efst í huga margra á nýju ári en enginn þarf að örvænta því að World Class opnaði nýja stöð í Egilshöll á dögunum. Í tilefni af 10 ára afmæli stöðvarinnar í Laugum héldu starfs-



menn upp á það á veitingastaðnum Fellini í Egilshöll. Þar mátti að sjálfsögðu sjá eigendur World Class, **Hafdísi Jónsdóttur** og Björn Leifsson. **Arnar Grant,** einkaþjálf-



ari og líkamsræktarfrömuður, lék á als oddi og **Unnur Pálmarsdóttir,** stöðvarstjóri á Seltjarnarnesi. mætti einnig með góðu fólk.





# Lífið

*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Marín Manda Magnúsdóttir**
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Ellý Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Fréttablaðið/ Daníel
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**
Förðun
Karin Kristjana



Fólki ð í Malaví upplifir Eva sem einstaklega vinalegt, hjálpsamt og góðhjartað.

# FÓLK LÍFSSÝNIN HEFUR BREYST

***Eva Harðardóttir býr í Malaví með dóttur sinni og eiginmanni og starfar sem menntasérfræðingur fyrir Unicef.***

Brosandi, hönd í hönd, gengur Eva með dóttur sinni við Malavívatn. Það er þrjátíu stiga hiti og moskítóflugurnar sveima um allt. Þær eru orðnar partur af lífinu í Malaví og því er Eva búin að sætta sig við þær. Jól og áramót eru yfirstaðin en að þessu sinni voru þau ekki eins og gengur og gerist samkvæmt íslenskum hefðum. Foreldrar Evu ferðuðust til Afríku með íslenska forrétti til að halda jólin með litlu fjölskyldunni og segir Eva það hafa verið dýrmætt að fá þau í heimsókn. Röð tilviljana gerði það að verkum að Eva pakkaði niður lífi sínu á Íslandi og flutti með eiginmanni sínum og dóttur til Malaví í Afríku til þess að sinna starfi sem menntasérfræðingur á vegum UNICEF.

„Við fjölskyldan ákváðum að þetta væri frábært tækifæri fyrir okkur öll til að læra eitthvað alveg nýtt og öðlast dýrmæta reynslu. Starfið tengist auk þess því sem ég hef áður verið að gera sem doktorsnemi og stundakennari við Háskóla Íslands en þar hef ég rannsakað og kennt námskeið í tengslum við börn og ungmenni, lýðræði og mannréttindi,“ segir Eva Harðardóttir.

Almennt séð segist hún upplifa fólkið í Malaví sem mjög vinalegt, hjálpsamt og góðhjartað. Einna helst hefur það komið henni á óvart hve lítið mál það var að flytjast búferlum í nýtt og framandi umhverfi. Dóttirin, Hera Fönn, hefur aðlagast heita veðurfarinu vel og hjónakornunum líður einstaklega vel. Lífið er þó ekki einungis ljúft. „Það hefur óneitanlega tekið á að horfa upp á þann gífurlega ójöfnuð sem hér ríkir og hvernig hann bitnar á mörgum milljónum barna og ungmenna. Heimsvandamálin verða ansi hjákátleg í samanburði við þau verkefni sem við vinnum að á skrifstofu UNICEF daglega eins og að sporna gegn því að barnungar stúlkur séu giftar eldri mönnum eða að tryggja að börn með fatlanir séu viðurkennd í samfélaginu,“ segir Eva og bætir við að lífssýn sín hafi svo sannarlega breyst. „Það er nefnilega eitt að lesa um ójafnréttið sem fyrirfinnst í heiminum í blöðunum og annað að upplifa það jafn nærri sér og nú. Ég er án efa þakklátari fyrir það en áður að hafa fæðst inn í samfélag sem býður upp á óteljandi tækifæri og möguleika.“

### *Konur eru seigar í Malaví*

„Einungis um 30% stúlkna sem hefja skólagöngu í Malaví ná að klára grunnmenntun sem jafnast á við 8. bekk á Íslandi. Malavískt stúlkubarn sem fæðist í þorpi úti í sveitum Malaví er líklegt til að eyða fyrstu árum ævinnar bundið aftan á baki móður sinnar. Konur eru komnar aftur til vinnu daginn eftir að hafa fætt börnin sín og bera þau á bakinu hvert sem þær fara,“ útskýrir Eva og heldur áfram: „Nær helmingur allra barna í Malaví nær aldrei fullum líkamlegum þroska vegna þess að þau fá hvorki næga fæðu eða líkamlega örvun. Stúlkur í Malaví eru mun ólíklegri en drengir til að njóta menntunar og brottfall stúlkna úr skólum er gífurlega hátt.“ Eva segir að sú staðreynd að alltof margar konur kunni hvorki að lesa né skrifa hafi gríðarleg áhrif á getu þeirra til að taka mikilvægar ákvarðanir sem snerta heilsu þeirra og öryggi en einnig barnanna þeirra. „Konur eignast að meðaltali um sex börn og vinna ofsalega mikið hér, bæði á ökrunum og við heimilisstörfin. Þær eru ótrúlega duglegar og seigar.“







Konurnar í Malaví eru vinnusamar og seigar. Lárus, eiginmaður Evu, að kaupa hnetur á markaði við veginn.

### *UNICEF og starfið*

Í Malaví byrjar dagurinn við sólarupprás og eru því allir komnir til skóla og vinnu klukkan sjö á morgnana. Starfinu lýsir hún sem skemmtilegu en einnig krefjandi. „Ég er heppin að sinna ólíkum verkefnum. Meirihluti þeirra verkefna sem við innleiðum fer í gegnum ráðuneytið því við viljum að verkefnin séu sjálfbær og eigi sér framtíð. Þau verða þannig hluti af menntastefnu landsins.“

### *Sannar jólagjafir*

„Algengasta fæðan hér er svokallað ensima sem er nokkurs konar þykkur maísgrautur sem borðaður er í öll mál, alla daga ársins. Kjúklingur og hrísgrjón eru dæmi um mat sem fólk eldar við sérstök tilefni,“ útskýrir hún og bendir á framtak UNICEF með verkefninu Sannar jólagjafir. „Um jólin stóð UNICEF á Íslandi fyrir frábæru framtaki með Sönnum jólagjöfum þar sem hægt var að styðja við og stuðla að aukinni menntun, heilsu og öryggi barna,“ segir Eva. Hún hvatti því jólakortaglaða vini sína til að eyða 1.000 krónum í verkefnið og leggja þannig sitt af mörkum í stað þess að senda fjölskyldunni jólakort alla leið til Afríku. „Það er ekki mikið um götuheiti eða húsnúmer hér í borginni svo að framlag til UNICEF er líklegra til að skila sér en kortið.“

Hvað varðar framtíðardrauma Evu þá segist hún fyrst og fremst vilja búa sér og fjölskyldu sinni gott og innihaldsríkt líf. Hún segir heiminn heilla sig og vonast til að fá tækifæri til að ferðast meira og kynnast fleiri framandi menningarheimum.

FASHION ACADEMY
REYKJAVÍK

NÆSTU NÁMSKEIÐ HEFJAST 20. JANÚAR

FÖRÐUNARNÁMSKEIÐ
DAGSSKÓLI 14 vikna námskeið

STÍLISTANÁM
KVÖLDSKÓLI 10 vika námskeið






NEMENDUR KOMA AÐ SKAPANDI VERKEFNUM M.A. REYKJAVIK FASHION FESTIVAL

SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR
WWW.FASHIONACADEMY.IS - INFO@FASHIONACADEMY.IS - 571 5151 - ÁRMÚLI 21

FYLGDU OKKUR Á FACEBOOK
FACEBOOK.COM/FASHIONACADEMYREYKJAVIK


CAWSTON
PRESS
NÁTTÚRULEGT & SVALANDI
100% PRESSAÐUR SAFI
VERÐLAUNA DRYKKURINN LOKSINS MÆTTUR
great taste gold 2010
great taste gold 2011
great taste gold 2012
WINNER
CAWSTON PRESS APPLE & GINGER
CAWSTON PRESS APPLE & RHUBARB
330ml NET
CAWSTON PRESS ORIGINAL RECIPES BRILLIANT BEETROOT
NOT FROM CONCENTRATE
PRESSED & BLENDED
RISE & SHINE
CAWSTON PRESS THE ORIGINAL FRUIT APPLE & GINGER
NOT FROM CONCENTRATE
PICKED & PRESSED
OUR DELICIOUSLY CLOUDY JUICE IS MADE BY BLENDING THE BEST-TASTING APPLES WITH GLORIOUS GINGER
1 LITRE
CAWSTON PRESS APPLE & RHUBARB
CAWSTON PRESS SPARKLING GINGER BEER
CAWSTON PRESS SPARKLING APPLE & RHUBARB
330 ML FERNUR ON THE GO
BYRJAÐU DAGINN Á EINU GLASI AF RAUÐRÓFUSAFA
STYRKTU ÓNÆMISKERFIÐ MEÐ EPLA & ENGIFER
MMMMH! EPLA & RABBABARA
KOLSÝRÐUR ÁVAXTA DRYKKUR
ALLT NÁTTÚRULEGT
HANDTÝNT & PRESSAÐ
VERÐLAUNADRYKKUR
CAWSTON PRESS INNIHELDUR EINGÖNGU NÝPRESSAÐA ÁVEXTI, ALDREI ÞYKKNI
FÆST Í VERSLUNUM BÓNUS

AUGLÝSING: REEBOK FITNESS KYNNIR

# SKAPANDI LEIKIR OG DILLANDI BARNA-ZUMBA

**Það væsir ekki um káta krakka í barnagæslu Reebok Fitness í Holtagörðum. Þar er tekið á móti börnum með hlýju og natni og í boði er skapandi leikaðstaða ásamt fjörugum barnatímum í zumba og jóga á laugardögum. Virka morgna er komið sérstaklega til móts við ungbörn.**

„Kátir krakkar vilja hreyfa sig um leið og foreldrarnir og því bjóðum við upp á hressandi og skemmtilega barna-zumba- og barnajógatíma á laugardögum fyrir börn sem eru hjá okkur í barnagæslu," segir Guðríður Erla Torfadóttir, framkvæmdastjóri Reebok Fitness, sem á dögunum opnaði glæsilega leikaðstöðu með barnagæslu.

„Við ákváðum að verða við margföldum óskum viðskiptavina okkar um barnagæslu og okkar er ánægjan að passa börnin á meðan foreldrarnir rækta líkama sinn og heilsu," segir Guðríður um barnagæsluna sem er opin þrjá virka morgna í viku, síðdegis virka daga og á laugardögum.

„Morgungæslan kemur sérstaklega til móts við nýbakaðar mæður í fæðingarorlofi eða heimavinnandi húsmæður sem geta farið í Butt Lift eða Hot Balance-tíma á meðan ungbörn þeirra eru í góðum höndum barnfóstra," segir Guðríður.

Barnapössun Reebok Fitness kostar aðeins 1.500 krónur á mánuði. Eitt verð er greitt fyrir alla fjölskyldumeðlimi og gildir einu hvort barnið er eitt eða þau eru fleiri.

„Foreldrar og forráðamenn barna bóka þau fyrirfram í barnagæsluna á netinu. Með því fáum við yfirsýn yfir hversu mörg börn koma hverju sinni og foreldrar koma barni sínu örugglega í barnagæslu," útskýrir Guðríður í hlýlegri barnaaðstöðu Reebok Fitness.

„Við leggjum áherslu á skapandi leiki og samveru þar sem börnin geta spriklað eða dundað sér á dýnum, krítað á spegla og töflur, kubbað, púslað eða leikið sér með spennandi leikföng og að sjálfsögðu eru yndislegar barnfóstrur börnunum til halds og trausts."

Aldurstakmark í barnagæslu Reebok Fitness er þriggja mánaða á morgnana og tveggja ára síðdegis.

„Börn sem komið hafa til okkar í gæslu eru himinsæl með aðstöðuna og það er spennandi að gefa þeim kost á að dilla sér í barna-zumba og fara í barnajóga hjá leikskólakennaranum Unnari Geir Unnarssyni. Barnatímar sem þessir eru nýjung á íslenskum líkamsræktarstöðvum og falla vel í kramið. Foreldrar bóka börn sín í tímana á netinu, eins og tíðkast með alla hópatíma í Reebok Fitness og við erum með fleiri skemmtileg útspil í farvatninu fyrir hressa krakka í barnagæslunni."

Barnagæsla Reebok Fitness er opin sem hér segir: mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá 8.45-13.15 (aldurstakmark 3ja mánaða) og virka daga frá 16.30-19.30 (aldurstakmark 2 ára). Á laugardögum er opið frá klukkan 9-13 (aldurstakmark 2 ára).

Sjá nánar á www.reebokfitness.istil



Barnagæslan í Reebok Fitness er notaleg og hlýleg og nóg rými fyrir börnin til að leika sér og njóta sín.
MYND/VALLI








TILBOÐ
12 MÁNUÐIR
ÞÚ BORGAR AÐEINS
3.900 KR
FYRIR MÁNUÐINN*
ENGIN
BINDING
Ný og glæsileg stundaskrá.
Barnagæsla hefur verið opnuð.

*verð miðast við að keypt sé árskort

Upplýsingar og skráning á reebokfitness.is
Holtagörðum | 2.hæð | 104 Reykjavík | reebokfitness@reebokfitness.is

Reebok FITNESS



TILBOÐ Í JANÚAR
12 MÁNAÐA SKÓLAKORT
2.990 KR
FYRIR MÁNUÐINN*
FYRIR 16-20 ÁRA
ENGIN
BINDING
Ný og glæsileg stundaskrá.
Barnagæsla hefur verið opnuð.
Reebok
Verðskrá
Engin binding kr.5.850.- á mánuði.
Tilboð 12 mán.
Verð kr.46.800.- gerir aðeins kr.3.900.- fyrir mánuðinn.
Sparar kr.23.400.-
Tilboð 12 mán skólakort.
Verð 35.880.- gerir aðeins kr.2.990.- fyrir mánuðinn.
Sparar kr.34.320.-
Val um 12 mán greiðsludreifingu frá Borgun.
*verð miðast við að keypt sé árskort
Upplýsingar og skráning á reebokfitness.is
Holtagörðum | 2.hæð | 104 Reykjavík | reebokfitness@reebokfitness.is
Reebok
FITNESS



*Þessi reiði sem maður sér í kommentakerfum í garð femínista, hinsegin fólks og annars fólks sem berst fyrir mannréttindum er alveg ótrúleg og ég vona innilega að það sé ekki lýsandi fyrir meirihluta þjóðarinnar.*

# INGA DÓRA NETTUR VILLINGUR OG ÓTRÚLEGT NÖRD

***Inga Dóra Pétursdóttir hefur komið víða við, þrátt fyrir ungan aldur. Hún sinnir starfi framkvæmdastýru landsnefndar UN Women og hefur ómældan áhuga á hlutskipti fólks í þróunarlöndum. Inga Dóra hefur búið um allan heim, meðal annars í Gvatemala, Gana, í Bandaríkjunum, á Spáni og í Malaví.***

Það er létt yfir Ingu Dóru Pétursdóttur, framkvæmdastýru UN Women, þar sem við sitjum yfir kaffibolla og spjöllum. Inga hefur verið í þessu starfi í fjögur ár og er einhvern veginn fædd í það. Hún talar af miklum eldmóði um verkefnin og það er greinilegt að þetta er ekki bara vinnan hennar heldur líka áhugamál númer eitt, tvö og þrjú.

Þótt ung sé að árum hefur hún farið víða og nú er hún á leiðinni í hálfs árs leyfi til að sinna vinnu og hugðarefnum sínum í Afganistan. Inga er mannfræðingur að mennt

### Kynntist flestum skuggahliðum borgarastríðs

*Hvernig kom það til að þú fetaðir þessa braut?* Ég ólst upp úti á landi, í Laugarási í Biskupstungum. Það var gaman, hreint frábært, sérstaklega þegar ég var krakki. Það varð hins vegar erfiðara þegar ég varð unglingur. Þegar ég horfi til baka sé ég hvað ég var furðuleg blanda af nettum villingi og ótrúlegu nördi. Ég beið til dæmis alltaf spennt eftir Morgunblaðinu til að lesa erlendu fréttirnar. Ég klippti út fréttir af mannréttindabrotum úti um allan heim og límdi á spjöld sem ég safnaði saman og plastaði! Eins og svo margir krakkar og unglingar trúði ég því einlæglega að ég ætti eftir að bjarga öllum heiminum, þegar ég yrði loksins fullorðin og kæmist út í heim. Þegar ég heyrði svo um mannfræði þá var það bara ákveðið í mínum huga – þarna væri tækifærið mitt.

*Þú starfaðir lengi við þróunarmál í Afríku áður en þú tókst við starfinu sem framkvæmdastýra UN Women, hefurðu alltaf haft áhuga á hlutskipti fólks í þróunarlöndum?* Ég hef alltaf verið haldin ólæknandi útlandaþrá og hef búið á ýmsum stöðum í gegnum tíðina. Í Gvatemala, Gana, Bandaríkjunum, Spáni og Malaví – og nú mun leiðin liggja til Afganistans seinna í mánuðinum til að vera þar næsta hálfa árið.

Það vakti strax spurningar hjá mér þegar ég bjó í Gvatemala 17 ára og mér voru settar svo miklar skorður – fyrir það eitt að vera stelpa. Ég upplifði það mjög sterkt að hugmyndir fólks í kringum mig um hvernig stelpur ættu að haga sér voru verulega frábrugðnar mínum hugmyndum. Það var eiginlega upphafið að áhuga á mínum á kynjafræði, sem hefur bara ágerst í gegnum árin. Ég var til dæmis mjög hissa og vægast sagt ósátt þegar mér var tilkynnt á heimilinu, að ég hefði ekkert með eigin lykil að húsinu að gera, því ég ætti bara að fara út í fylgd með öðrum úr fjölskyldunni. Reyndar endaði dvölin í Gvatemla þannig, að ég varð starfsnemi hjá Sameinuðu þjóðunum og kynntist flestum skuggahliðum nýlokins 30 ára borgarastríðs, sem var ógleymanleg lífsreynsla.

Eftir því sem ég eltist og bjó á fleiri stöðum upplifði ég á eigin skinni hversu ólíkar kröfur eru gerðar til kvenna á ólíkum menningarsvæðum. Það er ekkert sem reitir mig meira til reiði en kerfisbundin mismunun sem konur og stúlkur búa við um allan heim vegna kyns þeirra.

Annað sem ég hef líka óendanlega mikinn áhuga á, er að velta fyrir mér hvernig fjallað er um konur – sérstaklega í suðurhluta heimsins – í almennri umræðu. Ég hef kynnst svo mörgum sterkum konum, sem búa við mjög erfiðar aðstæður, og þær myndu aldrei samþykkja þá mynd, sem oft er dregin upp af kynsystrum okkar í fátækari löndum – bjargarlausum eða konum sem þurfi að „bjarga“. Það sem við þurfum til að leiðrétta kynbundna mismunun er samstaða og samvinna.

### Endalausir „árekstrar“

*Hvernig var í Afríku, t.d. í Malaví, þar sem þú varst – hvernig er fólk í þriðja heiminum frábrugðið okkur?* Fólk er alls staðar eins í grunninn og að sama skapi er jafn fjölbreytt mannlífsflóra á

## Uppáhalds

**MATUR**
Ég elska allan suðaustur-asískan mat. Draumurinn er að fara á matreiðslunámskeið í Taílandi eða Víetnam.

**DRYKKUR**
Kampavín.

**VEITINGAHÚS**
Din Tai Fung í Sydney er besti veitingastaður sem ég hef komið á.

**VEFSÍÐA**
Ætli ég fari ekki mest á Facebook.

**VERSLUN**
Allir skranmarkaðir.

**HÖNNUÐUR**
Enginn sérstakur, hrífst bara af öllu því sem mér finnst fallegt.

**HREYFING**
Dansa, sérstaklega þegar ég er ein heima.

**DEKUR**
Er mjög hrifin af öllu dekri, sérstaklega nuddi.

**Útsala**
**Útsala**
**Öll efni á 1000 kr.**
textil line
Laugavegi 101.
Sími 552 1260.
Opið frá 10 – 18.

## Myndaalbúmið


Inga Dóra ásamt vinum í Malaví.


Vinkonurnar Lífa og Inga Dóra


UN Women teymið: Álfheiður, Inga Dóra og Hanna

hverjum stað. Það er ótrúlega gaman og reyndar líka krefjandi að laga sig að ólíkum menningarheimum og endalausir „árekstrar“. Það var til dæmis mjög krefjandi að venjast því að þorpsbúar í litlu malavísku þorpi hefðu gríðarlegan áhuga á holdafari mínu og hefðu þörf fyrir að tala um það við mig í byrjun hvers samtals. Maðurinn minn kom á eftir mér til þorpsins og seinna lýstu allir mikilli ánægju með hann, þar sem ég hefði fitnað svo mikið að það væri greinilegt að þetta væri góður eiginmaður. Ég átti mjög góða vinkonu, Lífu, sem bjó í þorpinu og ég hafði á orði við hana að mér þætti þetta orðið ansi þreytandi umræðuefni. Hún tók þessu alvarlega og sagðist ætla að koma þessum skilaboðum áfram. Það minntist enginn á þetta aftur við mig, en Lífa mætti hins vegar til mín á hverjum degi til að flytja mér fréttir af því hverjum þætti ég hafa fitnað núna eða hverjum þætti ég hafa aðeins grennst – og jafnframt að hún hefði sko sagt þeim að vera ekkert að minnast á þetta við mig! Í fátæku landi eins og Malaví, þar sem sjúkdómar, vannæring og alnæmi eru hluti af daglegum veruleika er það merki um góða heilsu að vera með smá hold utan á sér. Þetta var því vel meint en ég man að steininn tók úr, þegar þorpsbúar sögðu mér að hafa engar áhyggjur af því að synda í vatninu á ákveðnu tímabili þrátt fyrir að það væru krókódílar á sveimi. Krókódílarnir myndu ekki gera mér neitt því þeir myndu bara halda ef þær sæju mig, að þar væri á ferð flóðhesturinn vinur þeirra!

*Hvað heillar þig mest í starfi þínu hjá UN Women?* Það er svo margt! Fyrir það fyrsta þá vinn ég með kærum vinkonum og það er ómetanlegt að vera í vinnu þar sem alltaf er gaman að mæta. Það er ótrúlegt hvað það er mikið af frábæru fólki sem vinnur með okkur og leggur okkur lið við öll verkefnin. Svo eru það forréttindi að vinna að þessum málaflokki á Íslandi á þessum tímum. Það er feminísk uppvakning hér á landi og líka úti um allan heim.

### Ekkert einkamál kvenna

*Það starfa bara konur hjá UN Women, hafa karlar ekkert atkvæði þegar kemur að þessum málum?* Ójú! Heldur betur. Við erum í mannréttindabaráttu og það að mannréttindi kvenna séu virt er sko alls ekki einkamál kvenna! Það er fjöldinn allur af karlmönnum sem leggja okkur lið á hverjum degi. Til dæmis eru karlmenn í stjórn UN Women á Íslandi og í stjórn Ungmennaráðsins og þriðjungur mánaðarlegra styrktaraðila okkar eru karlmenn fyrir utan alla þá sem koma að viðburðum og vitundarvakningu á Íslandi.

Sem betur fer hefur það verið að breytast á Íslandi að halda, að til að vera femínisti eða láta þig mannréttindabaráttu kvenna varða, þá þurfirðu að hafa kvensköp. Því miður hafa heyrst einhverjar aðrar raddir að undanförnu en það er sem betur fer ekki ráðandi skoðun.

*Og nú liggur leiðin til Afganistans. Hvað ertu að fara að gera þar?* Mér bauðst að fara á vegum íslensku friðargæslunnar til



starfa sem jafnréttisfulltrúi í aðalstöðvum SHAPE í Kabúl. Starf mitt mun fyrst og fremst snúast um að vinna að jafnréttismálum með afgönskum stjórnvöldum, alþjóðlegum og innlendum samtökum sem og innan NATO. Það eru miklir umbrotatímar fram undan í Afganistan á næstu mánuðum; forsetakosningar í vor og í árslok mun alþjóðlegt herlið fara úr landinu. Svo það verður spennandi að vera á staðnum og ég býst við að starf mitt muni taka mið af því hvernig sú þróun verður.

*Hvernig býr maður sig undir svona ferðalag?* Góð spurning! Ég hef verið að velta því sama fyrir mér undanfarnar vikur.

Fyrir utan ýmis nauðsynleg praktísk atriði eins og sprautur og alls kyns pappírsstúss, þá hefur verið ómetanlegt að tala við fyrirrennara mína í starfinu. Svo les ég allt sem ég kemst yfir sem snertir Afganistan. Saga þessa lands er mögnuð og í raun lyginni líkust. Ég er rosalega spennt að kynnast landi og þjóð.

### Óþolandi kynjaskekkja

Talið berst að jafnréttisbaráttunni á Íslandi. Hvað finnst Ingu helst þurfa að breytast þar? Hún segir ótrúlegan árangur hafa náðst í jafnréttismálum á Íslandi og það sé fyrst og fremst vegna þess að hér hafi verið ótrúlega sterkar konur sem hafi rutt brautina af ástríðu, baráttuvilja og hugrekki.

„Sumt sem mér og jafnöldrum mínum finnst fullkomlega eðlilegt eins og það að atvinnuþátttaka kvenna sé einna mest í heimi hér, að leikskólar séu starfandi og fæðingarorlof sé eðlilegur hluti af lífinu eru mál, sem Kvennalistakonur/Kvennaframboðið börðust fyrir, fyrir aðeins þrjátíu árum.

Það er hins vegar enn þá óþolandi kynjaskekkja í okkar samfélagi; hlutfall kvenna í fjölmiðlum, launamisமunur og við skulum ekki tala um kynferðisbrot. En það sem fer einna mest í taugarnar á mér er að það er enn þá of mikið einblínt á stöðluð kynjahlutverk sem eru hamlandi – fyrir konur, karla, stelpur, stráka og alla sem ekki falla beint inn í þessi einföldu og þröngu box.

Draumastaða mín í jafnréttismálum á Íslandi væri að við gætum sem samfélag sammælst um að það sé hagur okkar allra að fólk fái að njóta sín, á sínum forsendum. Þessi reiði sem maður sér í kommentakerfum í garð femínista, hinsegin fólks og annars fólks sem berst fyrir mannréttindum er alveg ótrúleg og ég vona innilega að það sé ekki lýsandi fyrir meirihluta þjóðarinnar.

*Og svona rétt í lokin, svona víðförul baráttukona fyrir mannréttindum, eins og þú, hvar langar þig helst að búa og starfa í framtíðinni?* Erfið spurning! Ég er bara búin að krossa við örfá lönd á löngum lista yfir draumastaði. Vonandi endist mér ævin til að klára listann.



**Ég klippti út fréttir af mannréttindabrotum út um allan heim og límdi á spjöld sem ég safnaði saman og plastaði! Eins og svo margir krakkar og unglingar trúði ég því einlæglega að ég ætti eftir að bjarga öllum heiminum.**

# ÆVINTÝRI NORRÆN GOÐAFRÆÐI Í SPJALDTÖLVUR FYRIR BÖRNIN

***Bjarni Einarsson og Helgi Friðgeirsson skrifuðu smásöguseríuna Vinir í Valhöll fyrir spjaldtölvur en Karítas Gunnarsdóttir myndskreytti.***

„Við Helgi ákváðum að skrifa sögu fyrir börn og tengja hana við norræna goðafræði en mörg börn hafa heyrt af Þór og Loka. Okkur fannst vera kominn tími til að sækja innblástur í okkar eigin menningarheim.“ segir Bjarni Einarsson. Bjarni og Helgi reka útgáfufyrirtækið Orthus Entertainment og hafa áður gefið út níu ævintýri fyrir spjaldtölvur, þar á meðal Grimms ævintýri. Ævintýrin hafa fengið góð ummæli en þau voru frumlega og skemmtilega myndskreytt af ungum íslenskum listamönnum. „Við kynntumst Karítas Gunnarsdóttur gegnum kærustu mína og komumst fljótlega að því þrátt fyrir ungan aldur hefur Karítas einstakan og skemmtilegan stíl sem hentar þessari sögu. Ari Eldjárn fullkomnar svo verkið með frábærum lestri.“

Þríeykið leitar nú eftir stuðningi til að klára verkefnið, Vinir í Valhöll, á vefsíðunni *Karolinafund.com/project/view/235*. Þar geta bæði almenningur og fyrirtæki stutt við ný verkefni og sprotaverkefni sem þykja athyglisverð eða mikilvæg. „Framboðið af íslensku efni er takmarkað í tölvuheimum og eftir að spjaldtölvan rataði í kjöltu barnanna er mjög mikilvægt að auka framboð af slíku barnaefni. Því erum við að biðja fólk um að hjálpa okkur að klára verkefnið og jafnvel að koma öðrum af stað.“



Bjarni Einarsson, Helgi Friðgeirsson og Karítas Gunnarsdóttir.







# HRAUSTARI 2014

## HREYSTI hjálpar þér að ná hámarksárangri

**SLENDERTONE™**

Stinnari og sterkari á aðeins 4 vikum. Nýju og endurbættu Slendertone ABS beltin og Bottom buxurnar eru lang öflugustu vöðvamóturnartækin frá Slendertone sem byggja á CSI tækninni til að örva og styrkja kvið-, rass- og lærvöðva.
20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum.



Slendertone Abs herra/dömu
**Verð kr. 33.995.-**

**Verð á eldri tækjum kr. 26.995.-**

**TRX**
Suspension Training®



**TRX Pro pakki -**

**TRX Force pakki -**

Eitt öflugasta æfingakerfi sem völ er á og hefur farið sigurför um heiminn.
**TRX Pro pakki** - verð áður kr. 39.995.-
**HRAUSTARA-verð kr. 29.995.-**
**TRX Force pakki**
**HRAUSTARA-verð kr. 39.995.-**



TRIGGERPOINT nuddrúlla
**HRAUSTARA-verð kr. 8.995.-**

TRIGGERPOINT nuddrúlla, svört 45 cm
Verð kr. 4.995.-
**HRAUSTARA-verð kr. 3.995.-**



REJUVENATION æfingaboltar 55 - 65 - 75 cm
**Verð frá kr. 3.995.-**



REJUVENATION nuddkefli Verð áður kr. 5.995.-
**HRAUSTARA-verð kr. 4.995.-**
TIGER TAIL nuddkefli Verð áður kr. 5.995.-
**HRAUSTARAverð kr. 4.995.-**



Æfingadýna Powerhouse Pro
**HRAUSTARA-verð kr. 7.996.-**

Æfingadýna Powerhouse
**HRAUSTARA-verð kr. 3.996.-**

EcoSmart yogadýna 6 mm
**HRAUSTARA-verð kr. 4.796.-**



## BRUNI

Frábært startpakki sem sparkar brennslunni af stað!
Verð áður kr. 19.980.-
**HRAUSTARA-verð nú 15.985 kr.**



## MASSI

Öflugur grunnur að vöðvaaukningu
Verð áður kr. 17.984.-
**HRAUSTARA-verð nú 14.387 kr.**



IRON GYM

IRONGYM dyraslá, ótrúlega margir æfingamöguleikar, einfalt og öruggt.
**HRAUSTARA-verð kr. 7.995.-**

IRON GYM Xtreme

IRONGYM Xtreme
**HRAUSTARA-verð kr. 10.995.-**

IRON GYM Xtreme Platinum

IRONGYM Xtreme Platinium
**HRAUSTARA-verð kr. 14.995.-**



## STYRKUR

Grunnpakki fyrir þá sem vilja styrkja sig!
verð áður 17.980 kr.
**HRAUSTARA-verð nú 14.384 kr.**



## ORKA

Öflugur pakki sem gefur orku og endurhleður vöðvana
Verð áður kr. 12.485.-
**HRAUSTARA-verð nú 9.998 kr.**

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 25 ár
1988 - 2013



ROPE YOGA WORKOUT

## Komdu og gerðu betri kaup

Frábært æfingatæki sem styrkir allan líkamann auðvelt í notkun

Rope Yoga ferðasett + dýna (verð áður kr. 29.895.-)
**HRAUSTARA-verð kr. 19.995.-**
Rope Yoga bekkur (verð áður kr. 69.800.-)
**HRAUSTARAverð kr. 59.995.-**

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
**Skeifunni 19 - S. 568 1717**
NETSÍÐA: WWW.HREYSTI.IS

maxifuel · TRX · maximuscle · maximuscle maxitone · Life Fitness · IRON GYM · SLENDERTONE · PhD · YORK FITNESS · Reebok · POLAR · BBE · SPORTLINE · EAS · REJUVENATION

WWW.KORTER.IS






# TÍSKA FATALÍNA UNDIR JAPÖNSKUM ÁHRIFUM

*Hulda Fríða Björnsdóttir tekur þátt í norrænu fatahönnunarkeppninni Elle Style Awards, New Nordic talent of the year 2014.*

„Maður veit aldrei hvernig þetta fer en ég fékk mjög góða dóma eftir Copenhagen Fashion Week og erlendir fjölmiðlar höfðu samband. Muuse.com skrifaði dóma um mig sem mér þótti einna vænst um og í framhaldi af því buðu þau mér að taka þátt í þessari keppni,“ segir Hulda Fríða Björnsdóttir fatahönnuður.

Hulda Fríða útskrifaðist sem fatahönnuður úr Margrete-Skolen í Kaupmannahöfn síðastliðið sumar og frumsýndi fatalínuna sína, Ocean Bugeisha, á Copenhagen Fashion Week í kjölfarið. Stuttu síðar stofnaði hún eigið merki sem heitir Frida og tekur nú þátt í norrænni fatahönnunarkeppni, Elle Style Awards, New Nordic talent of the year 2014. Keppnin er haldin á vegum danska tískutímaritsins Elle og hönnunarteymisins Muuse.com. Fimm aðrir íslenskir fatahönnuðir taka þátt en það eru þau Björg Skarphéðinsdóttir, Guðrún Sturludóttir, Magnea Einarsdóttir, Ólafur H. Ólafsson og Tanja Leví Guðmundsdóttir. Yfir hundrað hönnuðir taka þátt í keppninni að þessu



sinni svo það er mikill heiður að hafa verið boðið að taka þátt.

Almenningur getur kosið sinn uppáhaldshönnuð á vefsíðunni elle.muuse.com en einungis má kjósa hvern hönnuð einu sinni. Hins vegar má kjósa fleiri en einn. Kosningunni lýkur þann 24. janúar og munu 25 hönnuðir komast áfram í undanúrslit. Ritstjórar hins skandinavíska Elle velja sigurvegara sem tilkynntur verður í vor. Þeir sem kjósa eiga möguleika á að vinna miða á Elle Style Awards og gjafakort í netverslun Muuse.com.

Hulda Fríða segist hafa verið undir japönskum áhrifum þegar hún vann að fatalínunni sinni, Ocean Bugeisha. „Innblásturinn var sambland af hlutum úr hafinu og bardaga-geishu sem barðist með samurai-mönnunum forðum daga. Línan er því undir japönskum áhrifum í sambland við mjúkar línur úr hafinu en ég reyndi að finna jafnvægi á milli þessara andstæðna og fann sameiginlega hluti í þessu mjúka og harða.“

Vegna frábærra undirtekta framlengjum við tilboðið okkar!
Enginn binditími fyrir internet og heimasíma
7.990 kr. + 0 kr.
180.000 kr. sparnaður á 36 mánuðum


Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!
HD Sex frábærar sjónvarpsstöðvar
Með Skemmtipakkanum færðu aðgang að sex frábærum stöðvum, aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild sem er eitt öflugasta vildarkerfi landsins.
Internetið og heimasími innifalið í 36 mán.
Enginn binditími fyrir internet og heimasíma.
Tilboðið býðst út janúar!
Kynntu þér tilboðin nánar í verslun okkar í Skaftahlíð 24 eða í sölubás okkar á jarðhæð Kringlunnar.
Þjónustuver 512 5100
Nánar á 365.is
365



Í I am Iceland-vörulínunni eru dekurvörur og hreinsunarvörur fyrir líkamann.

# HÚÐIN I AM ICELAND

*Anna María Jónsdóttir snyrtifræðingur framleiðir nýjar íslenskar húðvörur sem bera nafnið I am Iceland.*



Anna María Jónsdóttir snyrtifræðingur.

Þetta er hugmynd sem ég er búin að ganga með í maganum í fjölmörg ár og ég fékk mikla hvatningu til að gera eitthvað sjálf. Mig langaði að finna vöru sem hentar flestöllum því það er nóg að gera á kremmarkaðnum,“ segir Anna María Jónsdóttir snyrtifræðingur, sem rekur fyrirtækið I am Iceland ásamt Ragnheiði Guðfinnu og Ólafi Sólimann.

Anna María er með tuttugu ára reynslu að baki í bransanum og segist hafa prófað fjölmargar vörur á sjálfri sér í leit að hinni fullkomnu vöru. Fljótlega stóð arganolían upp úr með ótrúlegri virkni, sérstaklega í ljósi parabenumræðunnar. Arganolían er handgerð úr kjarna hnetunnar sem vex á argantrénu. Olíuna má nota í hár og alls staðar á líkamann en hún er að mati margra talin vera stjarnan í húðumhirðu. „Ég sóttist eftir íslensku hráefni í bland við aðrar gæðavörur en ég er búin að vera að búa til mín eigin saltskrúbb lengi. Saltið okkar er svo steinefnaríkt sem hefur jákvæð áhrif á húðina útvortis til að fjarlægja allar dauðar húðfrumur. Steinefnin næra húðina og í leiðinni mettum við húðina svo að arganolían eigi greiðan aðgang.“

Nýja vörulínan býður einnig upp á moringaduft, sem eru mulin lauf sérpökkuð á Íslandi. Moringatréð hefur verið kallað kraftaverkatré en laufin innihalda háa stuðla amínósýra, B-vítamín og andoxunarefni. „Moringaduftið er vatnslosandi, hreinsandi og orkugefandi. Það kemur líkamanum fljótt í jafnvægi eftir hátíðirnar, hreinsar ýmislegt óæskilegt úr meltingarvegi og gerir mann kláran í nýtt heilsusamlegt ár 2014.“

Vörurnar fást í Hagkaupi, Lyfjum og heilsu og í netversluninni iamiceland.is


Veiðivörur.is
Síðumúli 37
581-2121
Reykjavík • Akureyri
Hafnarstræti 99
462-1977
Opið Mánudaga til Föstudaga frá 10 til 18 og Laugardaga frá 10 til 16
Stór útsala 20-70% afsláttur
Útsalan okkar er líka á netinu
Vaxtalaus kortalán til 6mán
Vision Mako Vöðluskór
Útsöluverð: 23.985
Verð áður: 36.900
A. Jensen Yokanga
Útsöluverð: 12.935
Verð áður: 19.900
Vision Loikka Vöðluskór
Útsöluverð: 23.985
Verð áður: 36.900
A. Jensen Titan Einhenda
Útsöluverð: 19.435
Verð áður: 29.900
Vision Kura Vöðlur
Útsöluverð: 38.935
Verð áður: 59.900
Vision Ikon Vöðlur
Útsöluverð: 29.185
Verð áður: 44.900
Norfin Neopran Vöðlur
Útsöluverð: 14.994
Verð áður: 24.990
Vision Mag Einhenda
Útsöluverð: 38.935
Verð áður: 59.900
A. Jensen Tvíhendu Tilboð
Útsöluverð: 66.755
Verð áður: 102.700
Vision Opas Vöðlujakki
Útsöluverð: 38.935
Verð áður: 59.900
Vision Kura Vöðlujakkar
Útsöluverð: 29.185
Verð áður: 44.900
Vision Cult Tvíhenda
Útsöluverð: 72.085
Verð áður: 110.900
Vision GT Four Catapult Tvíhenda
Útsöluverð: 84.435
Verð áður: 129.900
A. Jensen Gacka Fluguveiðihjól
Útsöluverð: 9.900
Verð áður: 16.990
Vision GT Fluguveiðihjól
Útsöluverð: 27.885
Verð áður: 42.900
Vision Tank Fluguveiðihjól
Útsöluverð: 34.385
Verð áður: 52.900
Norfin Expert Camo Galli
Útsöluverð: 35.940
Verð áður: 59.900
Norfin Thermo Line Innanundir fatnaður
Útsöluverð: 5.940
Verð áður: 9.900
Norfin Winter Line Innanundir fatnaður
Útsöluverð: 8.994
Verð áður: 14.990
Salmo Diamond Bait Kasthjól
Útsöluverð: 11.940
Verð áður: 19.900
Vision Varioverse Fluguveiðihjól
Útsöluverð: 64.935
Verð áður: 99.900
Vision Deep Fluguveiðihjól
Útsöluverð: 11.635
Verð áður: 17.900
WILLIAM JOSEPH
35% afsláttur
NORFIN
40% afsláttur
VISION
35% afsláttur
A.Jensen
35% afsláttur
SALMO
40% afsláttur
ZEBCO
Let's go fishing.
35% afsláttur

# ...SPJÖRUNUM ÚR



## Fjölnir Geir Bragason

**ALDUR:** 48
**STARF:** Fjöllistamaður

**Hvern faðmaðir þú síðast?** Litla labbakútinn minn, hann Fenri Flóka, þegar ég var að svæfa hann eftir að hann vaknaði af værum blundi í nótt sem leið.

**En kysstir?** Kristínu Lilju, konuna mína, áður en ég hélt til starfa í morgun.

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Konan mín bara síðast í gær þegar hún eldaði handa mér dýrindis lax þegar ég bjóst við kjúlla í kvöldmat. En hún borðar sjálf ekki lax þannig að ég bjóst engan veginn við því.

**Hvaða galla í eigin fari ertu búinn að umbera allt of lengi?** Frestunaráráttu og skipulagsleysi en það eru fylgifiskar athyglisbrests míns.

**Ertu hörundsár?** Nei, það get ég ekki sagt. Þó ég hafi nú eflaust mín þolmörk.

**Dansarðu þegar enginn sér til?** Já, já, það kemur fyrir þegar vel liggur á mér.

**Hvenær gerðirðu þig síðast að fífli og hvernig?** Er maður ekki alltaf að því á einn eða annan hátt?

**Hringirðu stundum í vælubílinn?** Nei, það geri ég ekki enda fátt sem fer meira í taugarnar á mér en væl og drama.

**Tekurðu strætó?** Það kemur fyrir þó það sé sjaldnar í seinni tíð.

**Hvað eyðirðu miklum tíma á Facebook á dag?** Ég er eiginlega alltaf með snjáldruna opna vegna þess hvað ég fæ margar vinnutengdar fyrirspurnir þar.

**Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim?** Nei, það geri ég ekki og ég reyni að heilsa alltaf öllum að fyrra bragði. Það léttir iðulega andrúmsloftið.

**Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig?** Það geri ég svo sannarlega og þannig mun það verða áfram um ókomna tíð.

**Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina?** Djamma. Faðmur fjölskyldunnar hefur forgang.

# HELGARMATURINN GRATÍNERAÐUR KJÚKLINGARÉTTUR

*Hér er á ferðinni vinningsréttur úr nýrri matreiðslubók* Berglindar Guðmundsdóttur, *GulurRauðurGrænn&salt – Fljótlegir réttir fyrir sælkera. Í henni má finna uppskriftir að hollum mat. Kjúklingarétturinn er með beikoni, döðlum og hvítlauk. Hann er einfaldur í gerð og smellpassar í helgarmatinn.*



**Fyrir 4-5**
**Eldunartími 30 mínútur**

- **1 heill kjúklingur, eldaður**
- **150 g spínat**
- **100 g beikon, smátt skorið**
- **70 g döðlur, smátt skornar**
- **4 stór hvítlauksrif, pressuð**
- **1 msk. óreganó þurrkað**
- **3 dl vatn**
- **2 dl matreiðslurjómi**
- **3 msk. rjómaostur**
- **1 Knorr-kjúklingateningur**
- **½ Knorr-grænmetisteningur**
- **Rifinn ostur**



1. Brúnið beikonið á pönnu.
2. Bætið hvítlauknum út á pönnuna og steikið með beikoninu í örskamma stund, setjið þá döðlurnar út í ásamt vatninu, óreganói og teningunum. Látið malla saman svolitla stund.
3. Setjið spínatið í botninn á eldföstu móti og stráið kjúklingnum þar yfir.
4. Bætið matreiðslurjómanum og rjómaosti út á pönnuna og sjóðið niður sósuna í um 5 mín. Þegar sósan er tilbúin, hellið þá þessari gourmet-blöndu yfir kjúklinginn og passið að döðlurnar og beikonið dreifist jafnt yfir kjúklinginn.
5. Setjið því næst rifna ostinn yfir allt saman og bakið í ofni þar til osturinn er orðinn gylltur og fallegur.




Dale Carnegie námskeiðið kom mér virkilega á óvart. Ég átti von á að öðlast meira öryggi til að tala fyrir framan hóp af fólki og bæta færni mína í mannlegum samskiptum. En námskeiðið gaf mér svo miklu meira. Meðal annars lærði ég aðferðir til að draga úr streitu og að bæta minnið. Mikilvægast var þó að ég lærði að vera sanngjarnari við sjálfa mig og kynntist frábæru fólki.

**Næsta markmið er að koma eiginmanninum og unglingunum á námskeið.**

*// Kolbrún Björnsdóttir (Kolla), þáttastjórnandi á Stöð 2*

*skráðu þig núna*

DALE CARNEGIE NÁMSKEIÐ

*Meira sjálfstraust* *Betri samskipti* *Örugg framkoma* *Leiðtogahæfni*

*Komdu í hóp með þeim sem ná árangri. Njóttu þín betur í mannlegum samskiptum og lærðu að hafa góð áhrif á aðra. Á hverjum degi sérðu fólk sem skarar fram úr í athafnalífinu, í stjórnsýslu, íþróttum, fjölmiðlum eða menningu og listalífi. Þetta fólk er í hópi þeirra 20.000 Íslendinga sem notið hefur góðs af þjálfun Dale Carnegie. Skráðu þig núna og nýttu hæfileika þína til fulls.*

*// Ókeypis kynningartímar fyrir fullorðna*

Þriðjudaginn 14. janúar
Fimmtudaginn 16. janúar
Fimmtudaginn 23. janúar
Laugardaginn 25. janúar

*Sjáðu fleiri dagsetningar kynningartíma á dale.is*

*// Ókeypis kynningartímar fyrir ungt fólk*

**10-15 ára**
12. janúar, 21. janúar og 27. janúar

**16-25 ára**
12. janúar, 21. janúar og 27. janúar

*Skráðu þig á dale.is/ungtfolk*

**555 70 80**

HRINGDU NÚNA EÐA SKRÁÐU ÞIG Á
www.dale.is

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

*Ármúla 11, 108 Reykjavík | Sími 555 7080 | www.dale.is*

Grænt te er ríkt af andoxunarefnum,
einnig fáanlegt í töfluformi.

# Græna teið sem allir eru að tala um!




PharmaGreen®

Þú finnur fróðleik og spennandi
uppskriftir af „smoothies"
með grænu tei á:
www.pharmagreen.dk



Finndu þinn eigin fatastíl

My Style tískuhús

Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464

ATERONON®
Highly bioavailable lycopene-based formulation

Lækkaðu kólesterólið á náttúrulegan hátt

Fæðubótarefni sem markar tímamót til að viðhalda góðri heilsu hjarta og æðakerfis.




- ✔ Ateronon inniheldur líffræðilega virka Lycopen-blöndu.
- ✔ Lycopene er náttúrulegt andoxunarefni sem unnið er úr tómötum og öðrum rauðum ávöxtum.
- ✔ Virka efnið Lycopene er öflugt andoxunarefni sem hið svokallaða Miðjarðarhafsmataræði er ríkt af og hefur löngum verið tengt við gott ástand æðakerfis hjartans.
- ✔ Það er vísindalega sannað að eitt hylki á dag hamlar oxun LDL kólesteróls í blóði.
- ✔ Hömlun oxunar á LDL kólesteróli er lykillinn að því að hindra að fyrirstaða myndist og stækki í slagæðum.
- ✔ Ateronon stuðlar að bættu blóðflæði um allan líkamann.

**Umsögn sérfræðings:**

*„Ateronon virðist hafa áhrif á efnaskipti og LDL kólesteról á allt annan hátt en hefðbundin andoxunarefni. Það er vegna þessarar virkni sem Ateronon lofar góðu í baráttunni við að minnka hættuna á hjarta og æðasjúkdómum til langs tíma.“*

*Dr. Howard Sesso*
*Aðstoðarprófessor í læknisfræði við Harvardháskóla í Boston*




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára







**Á HLAUPUM** Barack Obama með iPadinn á hlaupum. iPad er líka notaður í Vatikaninu sem annars staðar en páfinn blessaði fólk í gegnum Internetið. Snertiskjárinn leikur í höndum lítilla barna og þau eru fljót að skilja út á hvað þetta gengur, hvort sem það er í bílnum eða annars staðar. iPadinn er notaður hjá heilbrigðisstéttum sem öðrum stéttum. Alls staðar kemur hann sér vel.

# TÆKNIN SEM UMBYLTI HEIMINUM

**HVERT STEFNUM VIÐ?** *Þann 3. apríl 2010 kom fyrsti iPadinn á markað. Þótt hann sé ekki orðinn fjögurra ára hefur hann gjörbreytt heiminum*

Með honum er einnig samstarfsfélagi til margra ára, Sigurgeir Sigmundsson gítarleikari, en Birgir og Sigurgeir voru báðir meðlimir CCR-Reykjavík og Gildrumezz, sem hljóðritaði tvær plötur með efni Creedence Clearwater Revival á seinni hluta síðustu aldar.

Með þeim leika Ingimundur Benjamín Óskarsson, Sigfús Óttarsson og Snorri Snorrason en þeir eru einnig allir meðlimir hljómsveitarinnar Gullfoss.

Tónleikarnir fara fram á Spot og hefjast á miðnætti. - glp

# Wikipedia-skrif svipuð og blogg

## Vinir Wikipediu standa fyrir vikulegum Wikipedia-kvöldum á Þjóðarbókhlöðu.

Vinir Wikipediu standa fyrir vikulegum Wikipediu-kvöldum á Þjóðarbókhlöðunni þar sem fólki er leiðbeint við Wikipediu-skrif. Fyrsta kvöldið var haldið 5. desember síðastliðinn, á tíu ára afmæli íslensku Wikipediunnar. Í gærkvöldi var svo fyrsta kvöldið á nýju ári. Hrafn H. Malmquist er einn af leiðbeinendunum.

„Þessi kvöld verða þannig að fólk getur mætt og skrifað um hvað sem það hefur áhuga á að skrifa um og fengið leiðbeiningu við það,“ segir hann.

„Þetta er ekkert mjög flókið, Wikipediu-skrifum svipar til þess að blogga. Hins vegar eru ákveðnar venjur varðandi framsetningu og stíl.“ Hrafn nefnir að umfjöllunin þurfi að vera hlutlaus. „Fólk getur ekki mætt til að skrifa um hvað það dýrkar hljómsveitina sína mikið, en það getur skrifað um feril bandsins.“

Wikipediu-kvöldin stíla aðallega inn á nema við Háskóla Íslands, en allir eru velkomnir.

„Almennt getur hver sem er skrifað á Wikipediu, en myndast hefur samfélag virkra notenda sem skiptast á skilaboðum og þekkjast aðeins. Hópur af virkustu notendum síðunnar á Íslandi hefur sótt um formlega stöðu sem félag undir móðurfélagi Wikipediu, sem virðist ætla að ganga.“ Wikipediu-kvöldin verða alla fimmtudaga klukkan 20.00 til 22.00 í tölvuverinu á þriðju hæð Þjóðarbókhlöðunnar. - ue



LEIKUR EINN Hrafn er einn af leiðbeinendunum á Wikipediu-kvöldunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ













SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| BELIEVE | KL. 3.30 - 5.40 - 7 | L |
| LONE SURVIVOR | KL. 8 - 10.35 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 9.10 - 10.30 | 7 |
| SECRET ... WALTER MITTY LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 3.30 - 4.30 - 8 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | 7 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| LONE SURVIVOR | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 5.30 - 9 | 12 |
| THE HUNGER GAMES | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LONE SURVIVOR | KL. 5:50 - 8 - 10:15 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITY | KL. 5:50 - 8 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 10:15 | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%










Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| LONE SURVIVOR | 8, 10:30 | 16 |
| BELIEVE | 4, 6 | L |
| HOBBIT 2 3D (48R) | 6, 10 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5, 8, 10:20 | 7 |
| FROSINN 2D | 3:30 | L |

SAMBÍÓIN
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT



















SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5 - 8 - 10:50 | 16 |
| AMERICAN HUSTLE VIP | KL. 8 - 10:50 | VIP |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 4:30 - 8:20 - 10:20 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 2D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG VIP 2D | KL. 4:30 | VIP |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 - 10:30 | 10 |
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 3:40 - 6 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 8 - 10:50 | 16 |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 10:20 | 16 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 5:40 | L |
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 16 |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 7 - 8 - 10:30 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG HFR 3D | KL. 4:40 - 7 - 10:20 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 4:40 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 4:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 5:40 - 9:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN HUSTLE | KL. 8 - 10:50 | 16 |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 10:30 | 16 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 8 | 7 |
| RISAEÐLURNAR 3D | KL. 6 | 7 |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 5:40 | L |

SAMbio.is


# Kóngur á spítala

BAKÞANKAR
Kolbeins Tuma Daðasonar



Þrátt fyrir að vera nýskriðinn á fertugsaldurinn lagðist ég á skurðarborðið á þriðjudaginn. Brjósklos í mjóbakinu hefur angrað mig undanfarið hálft ár. Á biðstofuna mætti ég og hafði staðið með bók í hendi í líklega fimm mínútur þegar hjúkrunarfræðingur spurði hvort ég kynni ekki betur við að leggjast? Ég sagðist þiggja það með þökkum.

**TVEGGJA** tíma bið reyndist öllu notalegri uppi í rúmi, með tilheyrandi dotti, en hún hefði verið á biðstofunni. Þótt tvær tilraunir tæki að setja upp æðalegg skipti það engu máli enda hjúkkan sérlega hress og skemmtileg.

**Á** svæfingardeildina var mér rúllað með góðum kveðjum þar sem þrjár grímuklæddar konur tóku á móti mér. Voru þær í góðu stuði og vissu nákvæmlega hvernig fara ætti að sjúklingi sem væri vafalítið ögn kvíðinn fyrir svæfinguna. Þær kynntu sig allar með nafni og sögðust myndu hlýða mér yfir að aðgerð lokinni. Sem betur fer gerðu þær það ekki því ég man aðeins tvö af nöfnunum þremur.

**SKURÐLÆKNIRINN** mætti hinn hressasti á svæðið að aðgerðinni lokinni. „Allt gekk ljómandi vel,“ sagði reynsluboltinn með hnífana eldhress og óskaði mér góðs gengis. Í höndum fagfólks var mér aftur rúllað inn á herbergið mitt þar sem jógúrt, ristað brauð með osti og djúsglas var sem vin í eyðimörk fastandi mannsins.

**SJÚKRAÞJÁLFARINN** mætti í banastuði, gaf sér góðan tíma með mér með nóg af góðum ráðum í pokahorninu fyrir næstu vikur. Áður en yfir lauk ætlaði svo nýr hjúkrunarfræðingur á vakt ekki að leyfa mér að rölta einsamall út, þar sem farið beið mín, fyrr en ég hafði lofað því að taka því rólega næstu vikurnar. Og skola niður tveimur vatnsglösum í viðbót.

**ÉG** var bara maur í þeirri mergð sjúklinga af einum eða öðrum toga sem ganga inn og út af spítölum landsins á hverjum degi. Miðað við þjónustuna mætti ætla að ég væri af kóngafólki kominn.



**STYRKIR MÆÐGUR** Hjalti Parelius selur verk til styrktar mæðgum sem misstu allt sitt í bruna. MYND/EINKASAFN

# Gerir Facebook ekki mun á klámi og list?

Listamaðurinn Hjalti Parelius má ekki auglýsa list sína á Facebook sökum nektar. Þá er hann að bjóða upp listaverk til að styrkja mæðgur sem misstu allt í bruna.

„Ég mátti alveg birta myndirnar á Facebook en mátti ekki nota þær í auglýsingu. Maður getur „boostað“ upp póstana sína á Facebook þannig að þeir verði nokkurs konar auglýsing en samkvæmt skilmálum Facebook má engin nekt kom fyrir þar, hvort sem það er í list eða hverju sem er,“ segir hinn 34 ára gamli listamaður Hjalti Parelius.

Hann fékk á dögunum neitun frá Facebook þar sem honum var bannað að auglýsa listaverkin sín, þar sem á mörgum hverjum kemur nekt fyrir.

„Ætli ég þurfi ekki að kroppa út einhvern part myndarinnar. Þetta er erfitt fyrir þá sem vinna við nektarstúdíur.“

Hjalti hefur nú starfað sem listamaður í fimm ár. „Ég er á fimmta árinu mínu en starfaði áður sem grafískur hönnuður. Ég missti vinnuna og varð atvinnulaus, byrjaði að mála til að hafa eitthvað fyrir stafni.“

Hann stundaði myndlistarnám erlendis og er alinn upp við myndlist á veggjum. „Ég fór á fyrstu Picasso-sýninguna þegar ég var sjö ára.“

Hann segist geta lifað á listinni en hafi þó ekki búist við því að það væri hægt. „Ég hélt það væri erfitt að lifa á listinni en ef menn eru metnaðarfullir og sinna markaðsstarfinu og auglýsa sig þá gengur þetta vel. Fyrstu tvö árin voru erfið en þetta gengur alltaf betur og betur,“ útskýrir Hjalti.

Hjalti er nú að selja listaverk sem kallast Delicatessen og ætlar að láta allan ágóða renna til mæðgna sem misstu allt sitt í bruna fyrir skemmstu. „Stærðin á verkinu er 130x200 sentímetrar, olía á striga og lágmarksverðið er 650 þúsund krónur, en frjálst er að borga hærra.“ Verkið er í Reykjavík Art Gallery, Skúlagötu 30, og er hægt að skoða það þar.

Hann þekkti þó ekki mæðgurnar persónulega.

> **Ætli ég þurfi ekki að kroppa út einhvern part myndarinnar. Þetta er erfitt fyrir þá sem vinna við nektarstúdíur.**
>
> *Hjalti Parelius*

„Ég hafði fylgst með þessu frá því þetta gerðist. Þær misstu allt innbú og ég veit að peningar bæta aldrei svona tjón, ekki þetta persónulega. Ég vil gera gagn og leggja mitt af mörkum.“

Hann segir myndina sem hafi orðið fyrir valinu til að styrkja mæðgurnar vera rólegri en aðrar myndir. „Ég valdi myndina því mér fannst hún rólegri en aðrar, ekkert sérstakt svo sem, hún gæti höfðað til breiðari hóps en ég næ venjulega til.“

Hjalti hvetur fólk til þess að hjálpa náunganum og leggja sitt af mörkum.

gunnarleo@frettabladid.is


ÍSLANDS BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS










SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# ÚTSALAN ER HAFIN
## Í RAFTÆKJADEILD HAGKAUPS

Allt að
**50%**
Tölvumýs, lyklaborð, heyrnartól og fleira

Allt að
**40%**
Töskur og hulstur fyrir spjaldtölvur og síma

Allt að
**40%**
ADE baðvogir og eldhúsvogir

Allt að
**20%**
Dolce Gusto kaffivélar

Allt að
**20%**
Bosch og Braun heimilistæki

Allt að
**20%**
Medisana heilsuvörur

Allt að
**15%**
Babyliss og Remington sléttujárn, hárblásarar og fleira

Allt að
**30%**
Domo og Tristar heimilistæki

Allt að
**30%**
TDK USB minnislyklar, minniskort og geisladiskar

Allt að
**25%**
LG sjónvörp
Fæst eingöngu í Smáralind

Gildir til 31. janúar á meðan birgðir endast. Öll raftækin fást í Smáralind, Skeifunni, Garðabæ og Kringlunni, minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Stórmótareynsla EM-hópsins



Guðjón Valur Sigurðsson er langreyndasti leikmaður íslenska EM-hópsins sem var tilkynntur í gær en landsliðsfyrirliðinn er á leiðinni á sitt sautjánda stórmót. Róbert Gunnarsson kemur næstur en hann er á leið á sitt þrettánda mót og þeir Ásgeir Örn Hallgrímsson og Snorri Steinn Guðjónsson eru að taka þátt í sínu tólfta stórmóti.

**EM-hópurinn og stórmótareynslan:**

Markverðir: Björgvin Páll Gústavsson (7. stórmótið) og Aron Rafn Eðvarðsson (3.). Hornamenn: Guðjón Valur Sigurðsson (17.), Þórir Ólafsson (7.) og Stefán Rafn Sigurmannsson (2.). Skyttur: Ásgeir Örn Hallgrímsson (12.), Arnór Atlason (9.), Aron Pálmarsson (6.), Ólafur Guðmundsson (4.) og Rúnar Kárason (2.). Leikstjórnendur: Snorri Steinn Guðjónsson (12.), Gunnar Steinn Jónsson (nýliði). Línumenn: Róbert Gunnarsson (13.), Vignir Svavarsson (10.) og Kári Kristjánsson (5.), Varnarmenn: Sverre Jakobsson (9.) og Bjarki Már Gunnarsson (nýliði).

## Guðjón Valur á raunhæfa möguleika á að ná Noregsleiknum

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson valdi í gær 17 manna hóp fyrir Evrópumótið í Danmörku og eru bæði Guðjón Valur Sigurðsson og Arnór Atlason með. Mikil óvissa var um þátttöku þeirra og þá sérstaklega Guðjóns Vals sem hefur ekki æft með liðinu vegna meiðsla á kálfa.

„Arnór er búinn að vera mjög sprækur á þessum æfingum og virkar alveg klár. Gaui (Guðjón Valur) kom vel út úr þessu prófi í morgun sem var lagt fyrir hann með vissu álagi. Hann á raunhæfa möguleika á því að spila strax á sunnudaginn og ef ekki á sunnudaginn þá á þriðjudaginn,“ segir Aron.

„Ég held að það hafi aldrei verið jafnerfitt að setja saman hópinn. Þetta er búið að vera mikið púsluspil og það hefur verið mikil óvissa undanfarna daga. Það er gott að við erum komnir með einhverja niðurstöðu í málið og okkur líst bara mjög vel á þetta,“ sagði Aron. Hann má bara tilkynna inn 16 leikmenn en fer með 17 menn út.

„Við eigum þrjár skiptingar á meðan á mótinu stendur og við megum nýta þær hvenær sem er. Við erum því miður með nokkra leikmenn tæpa og þá líka í skyttustöðunum. Við ákváðum því að taka aukamann með og ef eitthvað gerist snöggt þá erum við með mann á staðnum,“ sagði Aron. - óój



**ÁTTUNDA EM** Guðjón Valur hefur verið með á öllum Evrópumótum íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






**PARF AÐ HUGSA UM MARGT Í EINU** Snorri Steinn Guðjónsson, leikstjórnandi íslenska landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Snorri markvörður

Íslenska landsliðið mætir með nýja leikaðferð á EM. Leikstjórnandinn Snorri Steinn spilar þá sem „markmaður“ í sókninni þegar liðið er manni undir.

**HANDBOLTI** Það fór ekki fram hjá neinum sem horfðu á íslenska landsliðið spilaði á æfingamótinu í Þýskalandi um síðustu helgi að landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson tekur vissa áhættu þegar liðið lendir manni undir. Hann tekur þá markmanninn úr markinu og sendir leikstjórnandann í sóknina í markmannsvesti. Á meðan er íslenska markið tómt.

„Mér fannst það koma mjög vel út á móti Rússum og þetta kom líka vel út í æfingaleikjunum í Austurríki í nóvember,“ segir Aron Kristjánsson, þegar hann er spurður um nýjasta útspilið í þróun handboltans.

### Viljum ekki sjá mig í markinu

„Við erum aðeins búnir að prófa þetta. Við prófuðum þetta í Austurríki um daginn og svo núna um helgina. Við viljum kannski ekki sjá mig mikið í markinu en það var meira fyrir okkar klaufaskap að ég endaði í markinu,“ segir Snorri Steinn Guðjónsson sem fer oftast í „markmannsbúninginn“.

„Þetta á að gefa okkur visst andrými í sókninni. Við höfum með þessu bætt okkur þegar við erum færri. Það er erfið staða að spila manni færri á móti mjög góðum leikmönnum en við reynum að lágmarka skaðann með þessu,“ segir Aron en hann setur með þessu enn meiri ábyrgð á Snorra Stein, að lesa það hvenær hann á að hlaupa út af og skipta við markvörð íslenska liðsins.

### Snorri góður að lesa leikinn

„Snorri Steinn er mjög góður í því að lesa þessar aðstæður og þess vegna er hann líka í vestinu. Það er líka mjög mikilvægt að hinir leikmennirnir átti sig á því að við erum liðfærri og taki skynsamlegar ákvarðanir,“ segir Aron og það er alveg bannað að reyna línusendingar við þessar aðstæður.

Snorri Steinn lenti samt tvisvar í því á Þýskalandsmótinu að þurfa að fara í markið. „Markmannsþjálfarinn okkar hefur verið aðeins að taka Snorra í gegn og fara yfir það hvernig hann stendur og svona,“ segir Aron í gríni en bætir svo við: „Þegar færri eru í vörninni þá fær liðið oft á sig dauðafæri. Í bæði þessi skipti þar sem Snorri endaði í markinu í Þýskalandi þá var hann að fá á sig algjör dauðafæri. Það er ekkert víst að markvörðurinn okkar hefði varið þetta.“

„Eins og Aron hefur komið inn á í viðtölum þá snýst þetta um að vinna tíma og teygja aðeins lopann þegar við erum manni færri. Það gefur líka augaleið að við viljum ekki enda með mig í markinu,“ segir Snorri Steinn, sem ætlar ekki að fara í séræfingar með markmönnum liðsins.

„Ef ég er alltaf að lenda í markinu trekk í trekk og ver aldrei boltann þá prófum við einhvern annan í vestinu eða hættum þessu. Auðvitað getur þetta alltaf endað þannig að ég fari í markið en í það heila þá höfum við verið nokkuð ánægðir með þetta og höfum fengið það út úr því sem við viljum. Við komum til með að prófa þetta eitthvað í leikjunum úti,“ segir Snorri Steinn.

ooj@frettabladid.is

# Notaði jólin til að læra kerfin

Gunnar Steinn Jónsson nýtti tækifærið vel og tryggði sér sæti í EM-hópnum

**HANDBOLTI** Gunnar Steinn Jónsson og varnartröllið Bjarki Már Gunnarsson eru á leið á sitt fyrsta stórmót á EM í Danmörku. Það bjuggust allir við að Bjarki Már fengi tækifærið í forföllum Ingimundar Ingimundarsonar og bakvandræðum Vignis Svavarssonar en það sáu mun færri fyrir sér að Gunnar Steinn kæmist í EM-hópinn.

„Ég kom inn í byrjun sem síðasti maður og ég held að ég hafi ekki verið beint inni í plönunum til að byrja með. Ég held að ég hafi nýtt ágætlega þau tækifæri sem ég fékk,“ sagði Gunnar Steinn kátur.

„Þetta er oft styttra en menn halda,“ segir landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson um Gunnar.

„Hann fór í axlaraðgerð í sumar sem hjálpaði honum mikið varðandi skotkraft. Hann hefur ekki verið að spila vörn í Frakklandi en hefur sýnt það á þessum æfingum að hann getur alveg spilað vörnina líka. Hann hefur komið mjög vel inn í hópinn, virkar andlega sterkur og með góðan taktískan skilning,“ segir Aron.



**VIÐ HLIÐ ÞJÁLFARANS** Gunnar Steinn Jónsson og landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég gerði það rétta þegar ég hitti Aron fyrir jól og fékk að fara yfir kerfin með honum. Ég vissi það að ef ég ætlaði að eiga einhvern möguleika á að fara með á EM þá þyrfti ég að vera með allt á hreinu. Það var ekki hægt að eyða tíma í að æfa mig í einhverjum atriðum. Ég var því vel undirbúinn. Ég glósaði aðeins um jólin,“ sagði Gunnar Steinn brosandi.

„Þetta er búið að vera draumur minn lengi og ég er kannski ekki alveg búinn að átta mig á þessu. Nú má maður ekki verða of saddur eftir þetta. Ég verð að geta hjálpað liðinu á mótinu því það er aðalatriðið. Ég verð því að koma mér niður á jörðina aftur,“ sagði Gunnar Steinn að lokum. - óój


ÚTSALA
Allt að 80% afsláttur
DVD FRÁ 299 BLU RAY FRÁ 299 OG GEISLADISKAR FRÁ 299
Tilboðsverð 1.999 Verð áður 3.699,-
Tilboðsverð 1.999 Verð áður 2.999,-
Tilboðsverð 1.999 Verð áður 3.299,-
Tilboðsverð 999 Verð áður 2.999,-
BLU-RAY tilboðsmarkaður
299
699
499
299
599
499
999
999
YFIR 500 DVD Á 999
KRINGLAN OG SMÁRALIND · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS
S·K·Í·F·A·N


RISA ÚTSALA!
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
Takmarkað MAGN Í BOÐI!
PS3 TÖLVA & GOW 29.999,-
!!!
PS3 6.999,- Áður 12.999,-
XBOX 360 1.999,- Áður 7.999,-
PS3 7.999,- Áður 12.999,-
!!!
PC 999,- Áður 4.499,-
PS3 2.999,- Áður 5.999,-
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA - BORGAÐU MINNA
VIÐ ERUM Í KRINGLUNNI & SMÁRALIND!
KRINGLAN OG SMÁRALIND · 588 9400 · FACEBOOK.COM/GAMESTODIN

## Í KVÖLD

**Stöð 2 kl. 20.05**

**Spider-Man 2**



Ein allra vinsælasta ofurhetjumynd sögunnar og ekki nóg með það heldur einnig einhver rómaðasta mynd þeirrar tegundar sem um getur.




**Ókindin**

**SJÓNVARPIÐ KL. 22.45** Jaws. Risastór hvítháfur ræðst á fólk við strendur lítillar eyjar og lögreglustjóri, sjávarlíffræðingur og gamall fiskimaður reyna að stöðva hann.



**It's Always Sunny in Philadelphia**

**STÖÐ 2 GULL KL. 21.00** Priðja röð þessara skemmtilegu gamanþátta sem fjalla um fjóra vini sem reka saman bar en eru alltof sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi.



**Anger Management**

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.15** Óborganleg gamanmynd. Dave Buznik, sem er hvers manns hugljúfi, er sendur nauðugur á námskeið til að læra að hemja reiði sína.

**X-ið 977 kl. 07.00**

**Harmageddon**

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga klukkan 7 til 10. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.




# FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ



## LEIKARI Í NÝJU HLUTVERKI

Leikarinn **Ellert Ingimundarson** og fjölskylda hans starfrækja hinn vinsæla pizzastað **Eldofninn** í Grímsbæ. Þau segja óhemju vinnu að reka staðinn en jafnframt ákaflega gefandi.

### Úr stjórnmálum í leikstjórn



**Jón Páll Eyjólfsson** leikstýrir nú Hamlet í Borgarleikhúsinu en leið hans í leikstjórnina var ekki bein heldur lá frá pólitík í gegnum leikaranám.

### Í sviðsljósinu á EM í handbolta

**Evrópumótið í handknattleik** hefst í Danmörku á sunnudaginn. Fréttablaðið kynnir til leiks sex leikmenn sem eru líklegir til þess að verða í sviðsljósinu.




FRÉTTABLAÐIÐ

*Ómissandi hluti af góðri helgi*

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm in the Middle**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **Drop Dead Diva**
**11.05** **Harry's Law**
**11.50** **Dallas**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Mistresses**
**13.45** **17 Again**
**15.25** **Ærslagangur Kalla kanínu og félaga**
**15.45** **Waybuloo**
**16.05** **Xiaolin Showdown**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **The Simpsons**
**19.40** **Impractical Jokers** *(2:8)*
**20.05** **Spider-Man 2**
**22.10** **The Sessions** Dramatísk mynd sem sópað hefur til sín verðlaunum með John Hawkes, Helen Hunt og William H. Macy í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um hinn 38 ára gamla Mark O´Brian sem er með járnlunga og ákveður að nú vilji hann ekki lengur vera hreinn sveinn.
**23.45** **Outlander** Mögnuð ævintýra- og spennumynd með Jim Caviezel og John Hurt í aðalhlutverkum. Myndin gerist á tímum víkinga en þegar geimskip hrapar í nágrenni víkingaþorps og hermaðurinn Kainan og blóðþyrsta ófreskjan Moorwen stíga út úr því er voðinn vís.
**01.45** **Tenderness**
**03.20** **Streets of Blood**
**04.55** **17 Again**

## SPORT *besta sætið*

**16.10** **Blackburn - Man. City**
**17.50** **Enska Bikarmörkin 2014**
**18.20** **World's Strongest Man 2013**
**18.50** **Nott. Forest - West Ham**
**20.30** **La Liga Report**
**21.00** **Klitschko** Heimildarmynd um bræðurna Vitali og Wladimir Klitschko sem hafa deilt öllum heimsmeistaratitlum í þungavigtarhnefaleikum.
**22.55** **Klitschko vs. Povetkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.55** **Stoke - Everton**
**13.35** **Arsenal - Cardiff**
**15.15** **Premier League World**
**15.45** **Southampton - Chelsea**
**17.25** **Gillingham - Wolverhampton**
**19.05** **Match Pack**
**19.35** **Leicester City - Derby County** Bein útsending.
**21.40** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**22.10** **Manstu**
**22.55** **Leicester City - Derby County**
**00.35** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Eldað með Holta **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**16.30** **Around the World in 80 Plates**
**17.15** **Raising Hope**
**17.40** **Don't Trust the B*** in Apt 23**
**18.05** **Cougar Town 4**
**18.30** **Funny or Die**
**19.00** **Top 20 Funniest**
**19.45** **How to Make it in America** *(1:8)*
**20.15** **Super Fun Night** *(10:17)*
**20.40** **Grimm** *(9:22)*
**21.25** **Strike Back** *(8:10)*
**22.10** **Dark Blue** *(4:10)*
**22.55** **Top 20 Funniest**
**23.40** **How to Make it in America**
**00.10** **Super Fun Night**
**00.35** **Grimm**
**01.20** **Strike Back**
**02.05** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.46** Hvellur keppnisbíll **08.56** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Brunabílarnir **09.43** Skoppa og Skrítla **09.55** Sumardalsmyllan **10.00** Ljóti andarunginn og ég **10.23** Elías **10.34** Ævintýraferðin **10.47** UKI **10.52** Tommi og Jenni **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.46** Hvellur keppnisbíll **12.56** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Brunabílarnir **13.43** Skoppa og Skrítla **13.55** Sumardalsmyllan **14.00** Ljóti andarunginn og ég **14.25** Elías **14.36** Ævintýraferðin **14.48** UKI **14.53** Tommi og Jenni **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór Það er alltaf líf og fjör í leikfangalandi þar sem Doddi, Eyrnastór galdraálfur, Dísa dúkka, Bleika kisa, Lási Lögga, Marta api, Bragi **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.46** Hvellur keppnisbíll **16.56** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Ævintýri Tinna

**17.22** Brunabílarnir **17.43** Skoppa og Skrítla **17.55** Sumardalsmyllan **18.00** Ljóti andarunginn og ég **18.25** Elías **18.36** Ævintýraferðin **18.48** UKI **18.53** Tommi og Jenni **19.00** Ice Age. The Meltdown **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**06.24** **Tónlistarmyndbönd**
**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(8:24)*
**20.00** **Það var lagið**
**21.00** **It's Always Sunny In Philadelphia** *(8:15)*
**21.25** **Twenty Four** *(13:24)*
**22.10** **A Touch of Frost**
**23.55** **Evrópski draumurinn**
**00.35** **Fóstbræður**
**01.05** **Mið-Ísland**
**01.35** **Gavin and Stacey**
**02.05** **Footballer's Wives**
**02.55** **Það var lagið**
**03.50** **It's Always Sunny in Philadelphia**
**04.15** **Twenty Four**
**05.05** **A Touch of Frost.**

## BÍÓ

**11.30** **The Magic of Bell Isle**
**13.20** **Everything Must Go**
**15.00** **Anger Management**
**16.45** **The Magic of Bell Isle**
**18.35** **Everything Must Go**
**20.15** **Anger Management**
**22.00** **A Few Good Men**
**00.15** **The Expendables 2**
**01.55** **Ghost Rider. Spirit of Vengeance**
**03.30** **A Few Good Men**

## RÚV

**15.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20** **Litli prinsinn**
**17.43** **Hið mikla Bé**
**18.06** **Skúli skelfir**
**18.20** **Táknmálsfréttir**
**18.30** **Hestaannáll**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Njósnari** *(2:10) (Spy II)* Bresk gamanþáttaröð þar sem fylgst er með Tim sem er njósnari hjá MI5 og togstreitu hans milli njósnastarfs og einkalífs. Meðal leikara eru Darren Boyd, Robert Lindsay og Mathew Baynton
**20.05** **Útsvar** *(Fjarðarbyggð - Grindavíkurbær)* Spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**21.10** **Allir dansa mambó** *(Mad about Mambo)* Rómantísk gamanmynd um fótboltastrák sem ákveður að bæta boltatæknina með því að byrja að æfa dans. Á ýmsu á hann von á en ekki því að verða ástfanginn af danskennaranum.
**22.45** **Ókindin** *(Jaws)* Risastór hvítháfur ræðst á fólk við strendur lítillar eyjar og lögreglustjóri, sjávarlíffræðingur og gamall fiskimaður reyna að stöðva hann.
**00.45** **Syllan** *(The Ledge)*
**02.20** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**17.15** **Svali&Svavar**
**17.45** **Dr. Phil**
**18.30** **Happy Endings**
**18.55** **Minute to Win It**
**19.40** **America's Funniest Home Videos** *(13:44)*
**20.05** **Family Guy** *(10:21)* Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á SkjáEinn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
**20.30** **Got to Dance - NÝTT** *(1:17)* Breskur raunveruleikaþáttur sem farið hefur sigurför um heiminn. Hæfileikaríkustu dansarar á Englandi keppa sín á milli þar sem aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.
**21.20** **90210 - NÝTT** *(1:22)* Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmennanna í Beverly Hills þar sem ástin er aldrei langt undan.
**22.10** **Friday Night Lights - NÝTT** *(1:13)* Vönduð þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum.
**22.55** **Along Came a Spider**
**00.35** **Excused**
**01.00** **The Bachelor**
**02.30** **Ringer**
**03.20** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.05** Feherty **08.30** PGA Tour 2014 **12.00** Feherty **12.45** Inside The PGA Tour 2014 **13.15** PGA Tour 2014 **16.45** Tvöfaldur skolli **17.40** Tvöfaldur skolli **18.15** Einvígið á Nesinu **19.10** Feherty **20.00** PGA Tour 2014 **23.30** Inside The PGA Tour 2014 **00.00** PGA Tour 2014 **03.30** Dagskrárlok

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

30% þú sparar 2.925



Stirio sjálfvirkur hrærir MEC-27320

Verð áður: 9.750 kr. **6.825 kr.**

20% þú sparar 750



Töskuvog SOE-661722

Verð áður: 3,750 kr. **3,000 kr.**

40% þú sparar 5.180



Fótaspa með hita HOM-ELMFS250

Verð áður: 12,950 kr. **7,770 kr.**

33% þú sparar 18.473



Nuddsæti Shiatsu MAX HOM-CBS1000

Verð áður: 55,980 kr. **37,507 kr.**

20% þú sparar 1.190



IMAK gigtarhanskar activ IMA-A2018

Verð áður: 5,950 kr. **4,760 kr.**

40% þú sparar 7.900



Nuddpúði með gelhausum HOM-SP1000

Verð áður: 19,750 kr. **11,850 kr.**

25% þú sparar 8.987



Nuddsæti Shiatsu bak með geli HOM-SGM425H

Verð áður: 35,950 kr. **26,963 kr.**

30% þú sparar 2.085



Þurrburstun HOM-ELMDB150

Verð áður: 6,950 kr. **4,865 kr.**

> Verslaðu á vefnum > Frí sending að 20 kg > 1 árs skilaréttur

Eirberg

# Útsala 20%–50%

Opið virka daga kl. 9 - 18 • og á laugardögum kl. 11 - 15 • Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

30% þú sparar 2.925



Hitapúði Vario herðar og bak SOE-680129

Verð áður: 9,750 kr. **6,825 kr.**

30% þú sparar 2.085



Fótavermir SOE-68022

Verð áður: 6,950 kr. **4,865 kr.**

20% þú sparar 17.950



Airfree Lotus 60 m$^2$ AIR-L150H

Verð áður: 89,750 kr. **71,800 kr.**

*Allt Airfree - 20% afsláttur - **frá 19.800 kr.***

25% þú sparar 7.462



Raka- og lofthreinsitæki Hvítt AOS-E2441WHI

Verð áður: 29,850 kr. **22,388 kr.**

*Öll rakatæki - 25% afsláttur - **frá 6.338 kr.***

25% þú sparar 9.937



Blóðrásaörvun fyrir fætur MEC-18057

Verð áður: 39,750 kr. **29,813 kr.**

30% þú sparar 5.085



FOSCAM barnagæsla FOS-FI8907WH

Verð áður: 16,950 kr. **11,865 kr.**

20% þú sparar 1.950



Baðvog balance Active shape SOE-63333

Verð áður: 9,750 kr. **7,800 kr.**

30% þú sparar 525



Vatnsflaska með teljara BRI-B6221

Verð áður: 1,750 kr. **1,225 kr.**

*Ýmsar áhugaverðar smávörur - **frá 300 kr.***

Yfir 200 vörunúmer á útsölunni – Vörur sem efla heilsu og auka lífsgæði

**BESTI BITINN**



**„Pad Thai á Krua Thai er í miklu uppáhaldi hjá mér.“**

Hjörtur Jóhann Jónsson, leikari og fjallaleiðsögumaður.

# Uppgötvuð af undirmanni Ridley Scott

Lagið Trouble með íslensku hljómsveitinni Bellstop hljómar í stiklu fyrir bandarísku þættina The Originals.

„Við gerðum myndband í samstarfi við Sagafilm og leikstjórann Sigurgeir Þórðarson. Það heppnaðist vel og hefur fengið góðar viðtökur erlendis, sérstaklega í Norður-Ameríku. Það virðist hafa dottið í réttar hendur og poppaði upp hjá manni sem er að vinna fyrir Ridley Scott. Hann fann lagið, var mjög ánægður og hafði samband við okkur,“ segir tónlistarkonan Elín Ólafsdóttir í hljómsveitinni Bellstop. Lagið Trouble, af plötunni Karma, hljómar í stiklu fyrir bandarísku sjónvarpsþættina The Originals sem sýndir eru á CW Network. Óvíst er hvort lagið muni hljóma í þáttaröðinni sjálfri.

„Stiklan er fyrir aðra þáttaröð en fyrsta serían er búin að fá ofboðslega góða dóma. Þetta eru háklassaþættir og við erum mjög ánægð með að taka þátt í þessu.“ Elín telur þetta getað opnað dyr í tónlistarbransanum erlendis.

„Við höfum fengið mikil viðbrögð við laginu. Við erum að fara í tónleikaferðalag í Kanada á árinu og því vinsælla sem lagið verður, því stærri getur ferðalagið orðið.“

Elín stofnaði hljómsveitina með eiginmanni sínum, Rúnari Sigurbjörnssyni, árið 2006 en þá hét hún Heima.

„Við bjuggum úti í Kína í fimm ár, gáfum þar út plötu og ferðuðumst út um allt. Núna er hljómsveitin orðin stærri. Áður en platan okkar kom út í fyrra ákváðum við að breyta um nafn. Bellstop er alþjóðlegra nafn og það gengur betur að auglýsa okkur á netinu því nafnið er óalgengt.“ **-lkg**



**VINSÆL** Elín og Rúnar fengu þó ekki að hitta sjálfan Ridley Scott. MYND/EINKASAFN

ÚTSALA
38
ÞREP
Laugavegi 49 / sími 561 5813



**PARF Á TÚLKI AÐ HALDA** Arró þarf að hafa túlk með sér í vinnunni í Japan. MYND/EINKASAFN

# Skrifar skrímslaþátt fyrir japanskt sjónvarp

Arró Stefánsson gerir þætti um skrímsli fyrir japanska ríkissjónvarpið. Hann þarf að hafa túlk með sér á tökustöðum því fáir Japanir tala ensku.

„Ég vann við tökur á japanskri kvikmynd síðasta vor og framleiðandi myndarinnar hafði samband við mig og stakk upp á því að ég kynnti hugmyndir mínar að þáttum fyrir mönnum hjá japanska ríkissjónvarpinu,“ segir Arró Stefánsson leikstjóri. Hann vinnur nú að framleiðslu prufuþáttar sem verður sýndur í Japan í maí og mun almenningur síðan kjósa um hvort þátturinn verði að þáttaröð.

„Þátturinn heitir Monster Clean Up Crew. Í honum sýnum við heim sem hefur lifað af árás skrímsla. Sérstakt fyrirtæki hefur það hlutverk að halda skrímslunum í skefjum í neðanjarðarbyrgi undir Tókýóborg. Í bankahruninu í Japan fer fyrirtækið svo á hausinn og skrímslin sleppa. Þátturinn fjallar svo um baráttuna við að ná þessum skrímslum aftur,“ útskýrir Arró. Hann skrifaði handritið ásamt bandarískum vini sínum og var þetta ein af mörgum hugmyndum sem hann kynnti fyrir mönnum hjá japanska ríkissjónvarpinu. Arró vinnur nú hörðum höndum að því að ljúka öllum verkum fyrir tökur sem hefjast í lok mánaðarins.

„Við erum á fullu í undirbúningi. Við erum að velja leikara og fleira. Annars er mjög sérstakt að vinna hérna, því fáir tala ensku. Ég þarf að hafa túlk með mér hvert sem ég fer þegar ég er að vinna,“ segir Arró. Hann hefur unnið að ýmsum verkefnum á Íslandi og segir margt svipað með því að vinna hér á landi og í Japan.

> **Í bankahruninu í Japan fer fyrirtækið svo á hausinn og skrímslin sleppa.**
>
> *Hörður Arró Stefánsson*

„Þegar tökur hefjast er þetta rosalega svipað. En fyrir utan tökustaðinn er allt miklu formlegra í Japan, enda byggist japönsk menning á hefðum.“

Arró nýtur annars lífsins í Japan.

„Ég flakka mikið á milli Japans og Íslands. Fjölskyldan mín flutti hingað fyrir fimm árum og bróðir minn er í háskóla hér í Japan. Hér er fullt af tækifærum fyrir mig en ég get aldrei slitið mig almennilega frá Íslandi og finnst gott að vera á báðum stöðum.“

**kjartanatli@frettabladid.is**



JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
ERUM FLUTT Í NÝTT HÚSNÆÐI AÐ SKIPHOLTI 33
www.jurtaapotek.is • jurtaapotek@jurtaapotek.is • Sími 552 1103 • Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-14

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

# Söluverð vefsvæðis trúnaðarmál

Bryndís Gyða og Gísli Kristjánsson eru búin að selja vefsvæðið Hún.is.

Bryndís Gyða Michelsen, athafnakona og nýbökuð móðir, og unnusti hennar, Gísli Kristjánsson, sölustjóri GreenQloud, eru búin að selja vefsvæðið Hún.is. Vefsvæðið var stofnað í byrjun september árið 2012 og var keypt af fyrirtækinu Móbergi ehf., sem rekur meðal annars vefsvæðið Bland.is og Netgíró.

„Við fengum tilboð sem við gátum ekki hafnað,“ svarar Bryndís spurð um ástæðu sölunnar.

„Við seldum Hún.is fyrir mánuði en þá var vefurinn tíundi vinsælasti vefur landsins samkvæmt Módernus. Ég er í fæðingarorlofi með einn sjö vikna engil og er þar af leiðandi ekki að vinna eins og er en ég hlakka til að byrja á nýjum og skemmtilegum verkefnum á þessu ári,“ segir hún. Blaðamaðurinn Kidda Svarfdal hefur starfað við hlið Bryndísar á vefsvæðinu sem er fyrir konur á aldrinum 25 til 50 ára að sögn Bryndísar.

„Kidda Svarfdal blaðamaður er enn að vinna á Hún.is og Ragna Gestsdóttir líka og eflaust fleiri sem munu bætast í hópinn,“ segir Bryndís spurð um starfsmannafjölda vefsins og heldur áfram: „Ég er rosalega ánægð með þau verðmæti sem við náðum að búa til með Hún.is en þetta var krefjandi og skemmtilegt verkefni.“ Bryndís vill ekki gefa upp söluverðið

„Því get ég ekki svarað. Það er algjört trúnaðarmál.“ **- eá,**



**BÚIÐ SPIL** Kidda Svarfdal og Bryndís Gyða Michelsen, stofnendur Hún.is. MYND/ANTON BRINK

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

**YAMAHA HLJÓMTÆKI
MEÐ ALLT AÐ
280.000 KR. AFSL.**

**LG SJÓNVÖRP
MEÐ ALLT AÐ
300.000 KR. AFSL.**

| 42“ 3D SNJALLSJÓNVARP | 40“ Full HD LED SJÓNVARP | 46“ SNJALLSJÓNVARP |
|---|---|---|
| FULLT VERÐ 279.990 | FULLT VERÐ 124.990 | FULLT VERÐ 169.990 |
| TILBOÐ 169.990 | TILBOÐ 99.990 | TILBOÐ 139.990 |
| LG AFSL. 110.000 | TOSHIBA AFSL. 25.000 | THOMSON AFSL. 30.000 |

| 32“ LED SJÓNVARP | 50“ Full HD LED SJÓNVARP | 55“ ULTRA 4K SJÓNVARP |
|---|---|---|
| FULLT VERÐ 99.990 | FULLT VERÐ 239.990 | FULLT VERÐ 499.990 |
| TILBOÐ 64.990 | TILBOÐ 179.990 | TILBOÐ 349.990 |
| THOMSON AFSL. 15.000 | Panasonic AFSL. 60.000 | THOMSON AFSL. 150.000 |

JBL hátalarar með allt að 100.000 kr. afslætti

iPad og iPhone vöggur með allt að 60% afslætti

Olympus myndavélar með allt að 25% afslætti

Tasco sjónaukar með allt að 50% afslætti

YAMAHA KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG INTENSO UNITED
harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax tasco Nikon SanDisk enox. LG

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fengu platínuplötu í Bandaríkjunum

Hljómsveitin **Of Monsters And Men** hefur fengið afhenda platínuplötu fyrir sölu á plötunni My Head Is an Animal í Bandaríkjunum. Platan kom þar út í ágúst árið 2012 og hefur því selst í yfir einni milljón eintaka.

Um er að ræða ákaflega merkan árangur, sérstaklega vegna þess hve stutt er síðan platan kom út í Bandaríkjunum. Björk er eini íslenski listamaðurinn sem hefur náð þessum merka áfanga í Bandaríkjunum.

Á Íslandi hefur hljómsveitin selt um 27.000 eintök af plötunni sem gefur tvöfalda platínuplötu og styttist í þá þriðju. **- glp**



### GusGus með nýja plötu

Rafhljómsveitin vinsæla GusGus vinnur að nýrri plötu um þessar mundir. Að sögn **Bigga veiru**, eins meðlima hljómsveitarinnar, er vinna við plötuna í fullum gangi og aðeins lokametrinn eftir. Platan kemur síðan út í vor ef allt gengur að óskum. Hljómsveitin kemur næst fram á Sónar-tónlistarhátíðinni sem haldin verður 13.-15. febrúar næstkomandi í Reykjavík. Biggi segir aldrei að vita nema hljómsveitin taki eins og eitt nýtt lag á hátíðinni. **- fbj**



## Mest lesið VÍSIR

1 Vildu ekki að teflt væri á tvær hættur fyrir sjúklinga í sjúkraflugi
2 Einhleypir fá ekki að koma á þorrablót
3 Áhrifarík auglýsing um umferðaröryggi slær í gegn
4 ESPN spáir því að Gunnar Nelson slái í gegn í ár
5 Grunur um hræeitrun úr ónýtri heyrúllu





